

**SKOÐUN** Össur Skarphéðinsson vill skattleggja ofsagróða bankanna tímabundið. 16



**MENNING** Úlfshjarta, unglingasaga eftir Stefán Mána, verður að kvikmynd. 34



**SPORT** Sverrir Þór Sverrisson hefur farið í lokaúrslitin öll fimm árin sín sem þjálfari í körfubolta. 30


HEILSURÆKT & SUND

SUMARTILBOÐ
Mánaðarkort aðeins
kr. 7.490,-

HOT YOGA
- Laugar
- Ögurhvarf
- Egilshöll
- Seltjarnarnes

World Class ICELAND
worldclass.is


# FRÉTTABLAÐIÐ


Þriðjudagur
16. apríl 2013
88. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Sjósundfólk varað við

Fólk er varað við að stunda sund og siglingar í Fossvogi næstu daga. Verið er að endurnýja dælur í fráennslisstöð og streyma um 600 lítrar af skolpi á sekúndu út í Fossvoginn. 2

**Fríverslun í höfn** Skrifað var undir fríverslunarsamning Íslands og Kína í gær. Tollar á flestar vörur falla niður. 4

**Yfirburðir í undanhaldi** Sjálfstæðisflokkurinn, sem var stærsti stjórnmálaflokkurinn fram að hruni, á nú á hættu að missa stöðu sína sem kjölfesta íslenskra stjórnmála. 8




14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | | NA | 6 |
| Akureyri | 1° | | NA | 4 |
| Egilsstaðir | 1° | | N | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | 5° | | NA | 3 |
| Reykjavík | 6° | | SA | 6 |

**Hlýjast syðst** Í dag má búast við NA- eða breytilegri átt, víða 2-8 m/s. Stöku él norðantil, bjart sunnanlands fram eftir degi en þykknar upp með skúrum SV-til síðdegis. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Grænir bílar | Fólk






**SKELFING OG ÖNGÞVEITI** Mikil ringulreið ríkti fyrst eftir sprengingarnar í miðborg Boston. Mikill viðbúnaður var vegna maraþonhlaupsins og björgunarlið því fljótt á vettvang. Fjölmargir voru fluttir mikið slasaðir á sjúkrahús, þar á meðal um tugur manna sem höfðu misst útlimi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# „Ég er bara rétt komin yfir markið og þá springur allt“

Ingibjörg Jónsdóttir kom í mark í Boston-maraþoninu 30 sekúndum áður en sprengja sprakk við marklínuna. Hið minnsta tveir látnir og tugir særðir. Allir 35 Íslendingarnir heilir á húfi. Grunur um vel skipulagða hryðjuverkaárás.

**HRYÐJUVERK** „Ég er bara rétt komin yfir markið, þá springur allt fyrir aftan mig og ég sé bara reyk og eld. Ég finn höggbylgju og svakalega skelfingu og ótta í fólki,“ segir Ingibjörg Jónsdóttir, sem kom í mark í Boston-maraþoninu þrjátíu sekúndum áður en tvær öflugar sprengjur sprungu nærri endalínunni á Boylston Street síðdegis í gær.

Lögregla í Boston hafði í gærkvöldi staðfest að tveir hefðu látið lífið og auk þess var ljóst að tugir hefðu særst.

Alls voru 35 Íslendingar skráðir í hlaupið og í gærkvöldi benti ekkert til annars en að þeir væru allir heilir á húfi.

Fregnir í gærkvöldi hermdu að lögregla hefði gert tvær sprengjur til viðbótar óvirkar. Alríkislögreglan FBI rannsakar málið sem hryðjuverkaárás.

Flug til og frá Boston lá niðri í tvær klukkustundir og yfirvöld slökktu á farsímakerfi borgarinnar til að koma í veg fyrir að hægt væri að fjarstýra fleiri sprengjum.

„Fólk var ofboðslega hrætt og það var einhver skelfing í fólki sem maður þekkir eiginlega ekki,“ segir Ingibjörg.

- sh, hó / sjá síðu 6



**HLAUPASYSTKINI** Magnús Þór, Ingibjörg og Jón Gunnar Jónsbörn hlupu öll í maraþoninu.

Íbúi á Ólafsvík vakti grunsemdir fyrir að hafa mikið fé í fórum sínum:

# Eftirlýstur Ungverji í farbanni

**LÖGREGLUMÁL** Ungverskur ríkisborgari, búsettur í Ólafsvík, hefur verið úrskurðaður í farbann að ósk lögreglunnar á Snæfellsnesi. Hann er eftirlýstur í heimalandi sínu.

Maðurinn hefur búið í Ólafsvík í nokkur ár en vakti grunsemdir fyrir að hafa mikið fé í fórum sínum. Lögregla grennslaðist af þeim sökum fyrir um hann og kom þá í ljós að hann var landflótta.

„Við höfum heimild til að fletta erlendum einstaklingum upp ef okkur þykja þeir grunsamlegir,“ segir Ólafur Guðmundsson, yfirlögregluþjónn á Snæfellsnesi.

„Það er okkar vinna að fylgjast með og hluti af innra landamæraeftirliti.“

Maðurinn er sjötugur og hjartaveill. Hann er hvorki talinn hættulegur né líklegur til að flýja og er hann því ekki í haldi lögreglu. - mlþ

> **Við höfum heimild til að fletta erlendum einstaklingum upp ef okkur þykja þeir grunsamlegir.**
> *Ólafur Guðmundsson, yfirlögregluþjónn á Snæfellsnesi*


★★★★
„... krakkarnir flottir og trúverðugir, atburðarásin er hröð og töff.“ Anna Lilja Þórisdóttir Morgunblaðið




www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu

DOMTI®
Allt fyrir heimilið
Aðeins þrjú verð:
290 kr | 390 kr | 690 kr
Smáratorgi 1 · 522 7000 · www.domti.is

SVO LJÚFT OG LÉTT

1 lítið Vanilluskyr.is
½ banani
sneið af melónu
½ pera
dass hreinn appelsínusafi
6–8 ísmolar



www.skyr.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## SPURNING DAGSINS



Eygló, þyrftu sumir ekki bara að taka sjálfa sig úr umferð?

**„Lítum í eigin barm og gáum hvort hann er hæfur til að vera undir stýri.“**

Eygló Yngvadóttir er í samstarfshópi um nýjan umferðarsáttmála til að bæta framgöngu fólks í umferðinni.

Vígamenn í Mið-Afríkulýðveldinu leituðu að vopnum hjá börnum:

# Réðust inn í barnaþorp SOS

**ÞRÓUNARAÐSTOÐ** Vopnaðir menn úr hópi uppreisnarmanna réðust inn í SOS-barnaþorpið í Bangui í Mið-Afríkulýðveldinu í gær í leit að vopnum.

Ekkert barnanna 110 sem búa í þorpinu sakaði en þau eru á öllum aldri. Fjögur barnanna eiga íslenska styrktarforeldra.

Mennirnir fundu að sjálfsögðu engin vopn, en tóku fjóra bíla, tölvubúnað og smápeninga áður en þeir héldu á brott.

Ragnar Schram, framkvæmdastjóri SOS-barnaþorpa á Íslandi, sagði að allir hefðu verið mjög skelkaðir. „Þessi börn hafa þegar gengið í gegnum mikið og síðan dynur þetta yfir. Þau munu ná sér þótt það muni taka tíma. Þau hafa öll SOS-mæður sem munu nú ekki gera neitt annað næstu daga en að halda utan um þau og ræða við þau.“

Ragnar segir uppákomur sem þessar ekki algengar, en þó hafi það gerst í Suður-Súdan og Sómalíu, en í þeim tilfellum hafi verið búið að flytja börnin á öruggan stað. **- þj**



**Í BANGUI** Uppreisnarmenn í Mið-Afríkulýðveldinu ruddust inn í SOS-barnaþorpið í Bangui. Engan sakaði en börnin 110 voru afar skelkuð. MYND/SOS

Kenna í spjaldtölvum:

# 75 spjaldtölvur í Hólabrekkuskóla

**MENNTUN** Hólabrekkuskóli hefur fengið 75 spjaldtölvur frá Nýherja sem nota á í tilraunaskyni í kennslu. Um er að ræða samvinnuverkefni á vegum skólans, upplýsingatæknideildar borgarinnar, skóla- og frístundasviðs og Nýherja.

Hólabrekkuskóli hefur unnið að þróun kennsluefnis fyrir verkefnið í rúmt ár. Nemendur í 9. bekk og kennarar þeirra munu prófa tölvurnar og meta hvort þær henta sem framtíðarbúnaður. **- hó**



**Á SLEÐANUM** Haraldur Ólafsson beitti tuttugu hundum fyrir sleða sinn. Það er óopinbert Íslandsmet. MYND/HEIÐA.IS

Haraldur Ólafsson með óopinbert Íslandsmet í Hlíðarfjalli:

# Dreginn af 20 sleðahundum

**FÓLK** Haraldur Ólafsson setti óopinbert Íslandsmet þegar hann beitti tuttugu hundum fyrir sleða sinn í blíðskaparveðri um síðustu helgi. Ekki er vitað til þess að fleiri hundar hafi áður verið settir fyrir sleða hér á landi.

Þar voru saman komnir félagar úr IceHusky-hundaklúbbnum á Akureyri ásamt öðrum til að spreyta sig á um þriggja kílómetra langri braut.

Haraldur beitti öllum hundunum fyrir sleða sinn og fór einn hring með móður sína, Hjördísi Jónsdóttur. **- þj**

Starfsmenn leikskóla:

# Komu illa fram við börnin

**SAMFÉLAGSMÁL** Fyrrverandi starfsmaður á leikskólanum Sólstöfum í Reykjavík hefur sakað tvo fyrrverandi samstarfsfélaga sína um að koma illa fram við börnin sem þeir sinntu. Starfsmönnunum hefur verið vikið úr starfi á meðan ásakanirnar eru kannaðar. Fréttastofa RÚV greinir frá þessu.

Sakirnar eru bornar á starfsmennina tvo í bréfi sem sent var foreldrum allra barnanna á leikskólanum í síðustu viku. Þar eru þeir sagðir tala niður til barnanna og gera lítið úr þeim.

Í kjölfar bréfsins hefur eitt foreldri kvartað formlega til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem kannar nú málið. **- bþh**

Ofbeldi fyrir kosningar:

# 55 létust í röð bílsprengja

**ÍRAK, AP Að minnsta kosti 55 féllu í röð bílsprengja víðs vegar um Írak í gær. Hundrað til viðbótar slösuðust.**

**Talið er að Al-Kaída beri ábyrgð á sprengjunum sem sé þá ætlað að hræða almenning nokkrum dögum fyrir sveitarstjórnarkosningar. Fyrstu kosningarnar frá því að bandaríski herinn hvarf frá landinu fara fram á laugardag. Fjórtán frambjóðendur hafa einnig verið myrtir á síðustu vikum.**

**Stjórnvöld í Írak segja að hryðjuverkasamtökin séu að styrkjast og eigi í miklu samstarfi við stjórnarandstæðinga í Sýrlandi.**

**- þeb**

# Vara sjósundfólk við saurgerlum í Fossvogi

Vegna endurnýjunar á dælum í fráveitustöð í Kópavogi má búast við saurgerlamengun í Fossvogi. Sex hundruð lítrar á sekúndu renna út í sjó. Bagalegt, segir formaður í félagi sjósundfólks sem syndir á Kjalarnesi þar til mengunin gengur yfir.

**UMHVERFISMÁL** Út þessa viku má búast við að saurgerlamengun verði yfir viðunandi mörkum í Fossvogi. Fólki er ráðlagt að stunda hvorki sjósund né siglingar þar á meðan.

Endurnýjun á dælum í fráveitustöð við Hafnarbraut í Kópavogi hófst í gær. Venjulega er skolpi dælt frá stöðinni yfir til Reykjavíkur og þaðan út á flóa. Þar til nýju dælunum hefur verið komið fyrir mun skolp Kópavogsbúa hins vegar renna út í Fossvoginn.

„Það er fínt að þeir skuli vera að koma sínum málum í lag en það er bagalegt að þetta sé ekki orðið betra en það er. Það kemur alltaf illa við okkur þegar skolpið er sent út,“ segir Ragnheiður Valgarðsdóttir, formaður Sjósunds- og sjóbaðsfélags Reykjavíkur.

Stefán L. Stefánsson, deildarstjóri á umhverfissviði Kópavogs, segir dælurnar á Hafnarbraut fimmtán ára gamlar. „Þær eru mjög slitnar og afköstin ekki nægjanlega mikil, þannig að dælustöðin er að fara of mikið á yfirfall. Að okkar mati er það óásættanlegt og við erum að laga það,“ segir Stefán.

Ekki hefur allt sjósundfólk sömu afstöðu og Ragnheiður. „Ég á bágt með að skilja að leyfilegt sé að dæla skólpi undan Kópavogsbúum þarna út og að á dögum nútímatækni séu ekki aðrar leiðir færar,“ skrifar til að mynda ein sjósundkona á Facebook.

„Við treystum okkur ekki í neina aðra lausn,“ segir Stefán og bendir á að um stöðina við Hafnarbraut fari sex til sjö hundruð lítrar á sekúndu.

Þá segir Stefán að á meðan framkvæmdir standi yfir við Hafnarbraut hafi þrýstilögn sem flytur skolp frá Garðabæ yfir Kópavoginn að Sunnubraut verið sett á yfirfall til að minnka mengunarálag í Fossvoginum.



**UPPGRIP HJÁ MÁVUNUM** Vargurinn var ekki seinn að demba sér á skolpið sem rann óhindrað um yfirfall og út í Fossvoginn í gær. Engir sjósundsmennn voru sjáanlegir á ylströndinni í Nauthólsvík enda ráðlagt að halda sig fjarri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Sjósundmenn verða ekki kátir með þetta en þeir verða betur settir á eftir,“ segir Stefán, sem býst við að nýju dælurnar verði teknar í gagnið á föstudag eða laugardag. „Við mælumst til að menn stundi ekki sjósund þangað til við erum búnir að sannreyna að sjórinn sé ómengaður. Þetta er gerlamengun og hún er hættuleg,“ varar hann við.

Ragnheiður segir sjósundfólk einmitt munu halda sig fjarri Fossvoginum næstu daga. „Við ætlum að fjölmenna upp á Kjalarnes og synda fyrir neðan Klébergslaugina. Við mætum svo bara galvösk aftur í Nauthólsvíkina í næstu viku þegar hún er búin að hreinsa sig,“ segir formaður sjósundkappanna. gar@frettabladid.is

**Þetta er gerlamengun og hún er hættuleg.**

*Stefán L. Stefánsson, deildarstjóri á umhverfissviði Kópavogs.*




Niðurstaða nefndar um átaksverkefni í minkaveiðum liggur fyrir:

# Útrýming á mink er vafa undirorpin

**NÁTTÚRA** Niðurstaða Umsjónarnefndar um átaksverkefni í minkaveiðum liggur fyrir. Hún byggir á veiðiátaki í Eyjafirði og á Snæfellsnesi árin 2007 til 2010.

Þrátt fyrir langa yfirlegu treysta menn sér ekki til að meta nákvæmlega hvað útrýming á mink sé líkleg til að kosta eða hvort hún sé æskileg eða gerleg. Nefndin telur engu að síður rétt að skoða hvort ráðast eigi í fleiri svæðisbundin átaksverkefni, og reyna að halda svæðunum minklausum eftir föngum á eftir.

Starfsmönnum Náttúrustofu Vesturlands og Háskóla Íslands var falið að leggja mat á árangur veiðiátaksins. Þeir efast um gildi rannsóknarinnar og aðferðafræði. Stofninn hafi verið á hraðri niðurleið þegar veiðiátakið hófst, þó það hafi ekki verið fyrirséð. Þeir telja að fjárveitingar hafi ekki dugað til að svara þeim spurningum sem lagt var upp með.

Hugi Ólafsson, skrifstofustjóri umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, segir afar erfitt að meta kostnaðinn af útrýmingarátaki minks á landsvísu. Þó sé ljóst að slík aðgerð yrði mjög kostnaðarsöm, og tölur myndu næsta víst hlaupa á milljörðum króna. Þá liggur fyrir að ríki og sveitarfélög hafa lagt til yfir einn milljarð króna til minkaveiða á liðnum áratugum, eins og Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur upplýst. **- shá**



**MINKAR** Árangur hefur náðst á litlum svæðum erlendis en útrýming á stærri landsvæðum er talin útilokuð. MYND/NORDICPHOTOS/AFP

# ALMENNT HLUTAFJÁRÚTBOÐ

## Áskriftartímabili lýkur í dag kl. 16:00

Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingarbankasviðs Arion banka hefur umsjón með almennu útboði á 60% hlut í Vátryggingafélagi Íslands hf., en seljandi áskilur sér rétt til að stækka útboðið í allt að 70%.

Fjárfestum eru boðnar þrjár áskriftarleiðir, eða svokallaðar tilboðsbækur. Seljandi óskar eftir áskriftum á verðbilinu 6,75–7,95 krónur á hlut í tilboðsbækur A og B, en allir hlutir sem seldir verða í þeim bókum verða á sama verði. Framangreint verðbil samsvarar því að heildarandvirði hlutafjár í VÍS sé 16,9–19,9 milljarðar króna. Seljandi óskar eftir áskriftum í tilboðsbók C á lágmarksverði 6,75 krónur á hlut, en öllum hlutum sem seldir verða í þessari tilboðsbók útboðsins verður úthlutað á því gengi sem viðkomandi fjárfestir býður.

Stefnt er að því að útboðið marki grunninn að dreifðu eignarhaldi á VÍS og geri félaginu kleift að uppfylla lágmarksskilyrði NASDAQ OMX Iceland um dreifingu hlutafjár hjá félögum sem fá hlutabréf tekin til viðskipta í Kauphöllinni. Markmið seljandans er jafnframt að fá ásættanlegt verð fyrir eign sína.

► TILBOÐSBÓK A

**10% hluta boðnir fjárfestum sem vilja kaupa hlut að andvirði 100.000–50.000.000 kr.** Fjárfestar skila áskrift rafrænt á vef Arion banka, www.arionbanki.is. Til þess notar fjárfestir notandanafn sitt og lykilorð að netbanka Arion banka, eða kennitölu sína og lykilorð sem hann pantar á áskriftarvefnum og fær sent um hæl sem rafrænt skjal í netbanka sinn hjá hvaða íslenska viðskiptabanka sem er.

► TILBOÐSBÓK B

**30,1% hluta boðnir fjárfestum sem vilja kaupa hlut að andvirði meira en 50 milljónir króna.** Fjárfestar eru beðnir að hafa samband við Fyrirtækjaráðgjöf eða Hlutabréfamiðlun Fjárfestingarbankasviðs Arion banka og skila áskrift rafrænt, en til þess notar fjárfestir kennitölu sína og lykilorð sem hann fær sent í netbanka sinn.

► TILBOÐSBÓK C

**Fjárfestum boðnir fjórir 2,475% eignarhlutir, samtals 9,9%.** Fjárfestar eru beðnir að hafa samband við Fyrirtækjaráðgjöf eða Hlutabréfamiðlun Fjárfestingarbankasviðs Arion banka og skila áskrift rafrænt, en til þess notar fjárfestir kennitölu sína og lykilorð sem hann fær sent í netbanka sinn.

Auk þessarar grunnskiptingar verður **10–20% hluta ráðstafað í eina eða fleiri af tilboðsbókunum** eftir því sem verð og magn eftirspurnar gefur tilefni til.

## ÚTHLUTUN

Komi til þess að eftirspurn í útboðinu verði meiri en sem nemur stærð útboðsins, þá verða áskriftir í tilboðsbók A skertar um allt að 75% (utan áskriftir 100–500 þús.kr. og áskriftir starfsmanna VÍS að hámarki 3 milljónir kr.) og þurfi að koma til frekari niðurskurðar verða hæstu áskriftir lækkaðar frekar. Úthlutun til fjárfesta í tilboðsbókum B og C verður samkvæmt einhliða ákvörðun seljanda, sem taka mun mið af markmiðum útboðsins.

## ÁSKRIFTARTÍMABIL OG ÞÁTTTAKA

Áskriftartímabil stendur frá föstudeginum 12. apríl klukkan 10.00 til þriðjudagsins 16. apríl klukkan 16.00.

Þátttaka í útboðinu er heimil aðilum með íslenska kenntölu sem eru fjárráða og ráða búi sínu sjálfir og með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af lögum. Það þýðir m.a. að erlendir aðilar, skv. skilgreiningu 1.mgr. 1.gr. laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992, skulu sýna fram á að þeim sé heimilt að fjárfesta í verðbréfunum sem boðin eru í útboðinu, sbr. 13.gr.m og 13.gr.b. í gjaldeyrislögunum.

Eindagi kaupverðs er áætlaður 23. apríl 2013. Stefnt er að því að 24. apríl 2013 verði fyrsti dagur viðskipta með hluti VÍS á Aðalmarkaði Kauphallarinnar.

**Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi.** Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um VÍS og skilmála útboðsins sem er að finna í lýsingu VÍS dagsettri 27. mars 2013 sem gefin er út á íslensku. Fjárfestum er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti. **Lýsinguna má nálgast rafrænt á vis.is/fjarfestar og arionbanki.is. Hana má einnig nálgast innbundna í höfuðstöðvum VÍS að Ármúla 3 í Reykjavík og hjá Arion banka í Borgartúni 19 í Reykjavík.**

**Nánari upplýsingar um útboðið má nálgast á arionbanki.is, svo og með tölvupósti á visipo2013@arionbanki.is eða í síma 444 7000 milli kl. 9.00 og 20.00 meðan áskriftartímabilið stendur yfir.**

Arion banki

## GENGIÐ
15.04.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,13 | 118,69 |
| Sterlingspund | 181,1 | 181,98 |
| Evra | 154,45 | 155,31 |
| Dönsk króna | 20,713 | 20,835 |
| Norsk króna | 20,576 | 20,698 |
| Sænsk króna | 18,451 | 18,559 |
| Japanskt jen | 1,2075 | 1,2145 |
| SDR | 177,94 | 179 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
211,0469

Sex svæði nú á alþjóðlegri skrá yfir verndarsvæði Ramsarsamningsins:

# Þrjú ný verndarsvæði samþykkt

**UMHVERFISMÁL** Verndarsvæði blesgæsa í Andakíl við Hvanneyri, friðland í Guðlaugstungum og Snæfells- og Eyjabakkasvæðið voru nýlega tekin inn á alþjóðlega votlendisskrá innan Ramsarsamningsins. Með nýju svæðunum eru Ramsarsvæðin á Íslandi orðin sex talsins.

Fyrsta svæðið sem var tilnefnt af Íslands hálfu er Mývatn-Laxá, sem var samþykkt árið 1977; Þjórsárver voru samþykkt árið 1990 og Grunnafjörður árið 1996.

Náttúrufræðistofnun Íslands vann að undirbúningi tilnefninga Guðlaugstungna og Eyjabakkasvæðisins, meðal annars með öflun upplýsinga um lífríki svæðanna, sérstaklega hvað varðar fuglategundir og vistgerðir.

Verndarsvæðið í Andakíl nær yfir stærstan hluta votlendis á svæðinu og er þýðingarmikið fyrir margar tegundir fugla, ekki síst blesgæs.

Í friðlandinu í Guðlaugstungum er eitt víðáttumesta votlendissvæðið á miðhálendi Íslands. Það er einkum mikilvægt fyrir þann fjölda heiðagæsa sem verpir á svæðinu og nýtir það jafnframt sem fæðusvæði.

Snæfells- og Eyjabakkasvæðið nær til votlendis milli Snæfells og Eyjabakka og er innan norðausturmarka Vatnajökulsþjóðgarðs. Það er alþjóðlega mikilvægt fyrir fugla. - shá



**VIÐ MÝVATN** Mývatn-Laxá var fyrsta svæðið sem var tilnefnt og samþykkt, árið 1977. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Píratar mælast nú með 9%:

# Fylgi Sjálfstæðisflokks eykst

**KÖNNUN** Stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn er að aukast samkvæmt nýrri skoðanakönnun MMR. Flokkurinn mælist með stuðning 22,9 prósenta kjósenda samanborið við 21,2 prósent í síðustu könnun MMR.

Framsóknarflokkurinn bætir einnig við sig og mælist með 32,7 prósenta stuðning. Samfylkingin mælist með 10,4 prósent og Björt framtíð með 9,5 prósent.

Stuðningur við Pírata eykst milli kannana og mælist nú níu prósent. Þá styðja 6,7 prósent Vinstri græn. Aðrir flokkar mælast með fylgi undir fimm prósentum.

Könnunin var gerð dagana 11. til 14. apríl. Alls tóku 930 þátt í könnuninni, 81,9 prósent tóku afstöðu til einhvers flokks. - bj

Sænska öryggislögreglan:

# Sýrland og Íran njósna í Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ** Sýrlensk og írönsk yfirvöld stunda njósnir í Svíþjóð, að því er kemur fram í ársskýrslu sænsku öryggislögreglunnar fyrir árið 2012.

Í frétt á vef Dagens Nyheter segir að sýrlensk yfirvöld láti njósna um flóttamenn í Svíþjóð.

Sænska öryggislögreglan hefur einnig orðið vör við að írönsk yfirvöld reyni að afla sér þekkingar í sambandi við kjarnorkuverkefni sín. Íran reynir nýjar leiðir til þess eftir að Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið fóru að beita landið refsiaðgerðum. Írönsk yfirvöld stunduðu einnig aðrar njósnir í Svíþjóð í fyrra. - ibs



**GÍSLATAKA** Fangi á lögreglustöðinni í Kaupmannahöfn tók annan í gíslingu í fjóra tíma í gær. MYND/WIKIPEDIA

Dramatík í Kaupmannahöfn:

# Fangi tók gísl á lögreglustöð

**DANMÖRK** Engan sakaði þegar fangi á lögreglustöðinni í Kaupmannahöfn tók annan í gíslingu í gær og hélt honum í fjóra tíma.

Lítið er vitað um málsatvik nema að fangarnir voru á útisvæði á þaki lögreglustöðvarinnar þegar annar grípur hinn og ógnar honum með oddvopni sem hann hafði útbúið. Eftir að lögregla og lögmaður gíslatökumannsins höfðu reynt að tala um fyrir honum í um fjóra tíma lagði hann niður vopnið og gafst upp.

Fangageymslurnar í lögreglustöðinni eru notaðar fyrir fanga sem þykja of hættulegir til að vera í öðrum fangelsum. - þj

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Stálu fölsuðum seðlum

Lögreglan í Vestmannaeyjum handtók í gær þrjú ungmenni sem höfðu í fórum sínum falsaða peningaseðla. Einn þremenninganna viðurkenndi að hafa brotist inn í veitingastaðinn Lundann kvöldið áður og stolið peningunum. Ungmennin játuðu að hafa notað fölsuðu seðlana í nokkrum verslunum í bænum. Seðlarnir voru hluti af listaverki á Lundanum. Málið telst að mestu upplýst af hálfu lögreglu.

# Samningur við Kína um fríverslun í höfn

Skrifað var undir fríverslunarsamning milli Íslands og Kína í Peking í gær. Tollar á flestar vörur falla niður milli ríkjanna þegar Alþingi hefur samþykkt samninginn. Stefnt að reglulegum samskiptum við Kína, meðal annars um mannréttindamál.

**UTANRÍKISMÁL** Össur Skarphéðinsson og Gao Hucheng, utanríkisráðherrar Íslands og Kína, skrifuðu í gær undir fríverslunarsamning milli landanna í Peking. Ísland er fyrsta ríki Evrópu til að gera fríverslunarsamning við Kína en Alþingi og kínverska þingið þurfa þó að samþykkja samninginn áður en hann tekur gildi.

Fríverslunarsamningurinn við Kína er að flestu leyti sambærilegur við aðra slíka samninga sem Ísland hefur gert á vettvangi EFTA en auk Íslands hafa Sviss og Noregur átt í viðræðum við Kína um fríverslunarsamning. Samningurinn kveður á um niðurfellingu tolla á öllum helstu útflutningsafurðum Íslendinga.

„Þessi samningur veitir okkur Íslendingum forskot á þær þjóðir sem við keppum helst við. Hann getur orðið okkur mjög mikilvægur en það fer eftir því hvernig við nýtum hann,“ segir Össur Skarphéðinsson og bætir við að samningurinn feli í sér fjölmörg tækifæri, ekki síst fyrir sjávarútveg, landbúnað, orkugeirann og ýmsa hátækniframleiðendur hér á landi.

Þá voru í gær undirritaðir samningar fimm íslenskra fyrirtækja, Arion banka, Marorku, Orku Energy, Promens og Össurar, við kínversk fyrirtæki og stofnanir.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra fundaði þar að auki í gær með Li Keqiang, forsætisráðherra Kína, sem hélt í kjölfarið kvöldverð til heiðurs Jóhönnu og maka hennar, Jónínu Leósdóttur.

Viðræður um fríverslunarsamninginn hófust árið 2007 en strönduðu árið eftir. Hreyfing komst á viðræðurnar á ný í fyrra þegar Wen Jiabao, þáverandi forsætisráðherra Kína, kom í opinbera heimsókn hingað til lands.

Verðmæti útflutnings frá Íslandi til Kína nam 7,6 milljörðum króna á síðasta ári og hafði þá tvöfaldast á tveimur árum. Innflutningur frá Kína var aftur á móti níu sinnum hærri. Stærstur hluti útflutnings Íslands til landsins hefur verið sjávarafurðir og munu tollar af þeim nú falla niður, flestir strax en örfáir að loknum fimm eða tíu ára aðlögunartíma.

Þá fellir Ísland niður tolla á öllum innflutningsvörum, ef frá eru skildar kjöt- og mjólkurvörur, sem ætti að skila sér í lægra verði kínverskra vara hér á landi. Loks nær samningurinn einnig til þjónustuviðskipta á borð við ferðaþjónustu og sjóflutninga auk þess sem kveðið er á um hugverkavernd og upprunareglur í honum.

magnusl@frettabladid.is

## Samráð um mannréttindamál boðað

Í tilefni af undirritun fríverslunarsamningsins gáfu Jóhanna Sigurðardóttir og Li Keqiang, forsætisráðherra Kína, út sameiginlega yfirlýsingu þar sem kveðið er á um aukna samvinnu ríkjanna. Össur Skarphéðinsson segir að gert sé ráð fyrir sérstöku samráði um mannréttindi. „Það er alveg klárt að við munum í okkar reglulegu samskiptum við Kína, nú í gegnum fríverslunarsamninginn en einnig við önnur tækifæri, ræða mannréttindamál. Vissulega gætu Kínverjar verið mun betri þegar kemur að mannréttindum en þeir eru á réttri leið. En besta leiðin til að þoka þeim áfram er að eiga við þá sem ríkust samskipti,“ segir Össur.



**SAMNINGURINN HANDSALAÐUR** Össur Skarphéðinsson og Gao Hucheng, utanríkisráðherra Kína, skrifuðu undir samninginn fyrir hönd ríkjanna tveggja.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HÆGLÆTISVEÐUR** Næstu daga má búast við hæglætisveðri um allt land, einkum á morgun og fimmtudag. Það verður að mestu úrkomulítið en stöku él eða skúrir. Heldur kólnar í veðri en áfram verður hlýjast sunnantil á landinu.




**Á morgun**
Hægviðri um allt land.




**Fimmtudagur**
Hæg breytileg átt.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 23° | Berlín | 22° | Friedrichshafen | 21° | Las Palmas | 22° | New York | 17° | París | 19° |
| Aþena | 19° | Billund | 16° | Gautaborg | 11° | London | 16° | Orlando | 31° | San Francisco | 17° |
| Basel | 22° | Frankfurt | 22° | Kaupmannahöfn | 11° | Mallorca | 23° | Ósló | 6° | Stokkhólmur | 9° |



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



**VW Bjalla Design 1,2**
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 15.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**3.490.000,-**

# NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ GERA BETRI KAUP

## Úrval notaðra bíla á sérstöku tilboðsverði. Komdu við í HEKLU og prófaðu einn af gæðingunum!



**Skoda Superb** Combi
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 130.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**4.290.000,-**



**Suzuki Vitara**
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 83.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**2.290.000,-**



Tilboð **4.470.000,-**
**Mercedes-Benz** E línan
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 207.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.990.000,-



Tilboð **4.990.000,-**
**MM Pajero** 3,2 Instyle
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 92.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.790.000,-



Tilboð **2.090.000,-**
**VW Touareg** R5 TDi
Árgerð 2005, dísil
Ekinn 140.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.290.000,-



Tilboð **1.970.000,-**
**MM Pajero** 3,5 GLS
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 139.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.490.000,-



Tilboð **3.630.000,-**
**Nissan** Pathfinder 2500 SE
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 85.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.390.000,-



Tilboð **4.090.000,-**
**Lexus** RX400H Luxury RX400
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 139.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.990.000,-



Tilboð **2.990.000,-**
**Toyota** Land Cruiser 120 VX
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 157.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.390.000,-



Tilboð **3.690.000,-**
**MM Pajero** Instyle 3.8
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 104.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.990.000,-



Tilboð **1.890.000,-**
**VW Touareg** 3,2 V6
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 133.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.390.000,-



Tilboð **2.780.000,-**
**MM Pajero** 3.5 GLS
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 100.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.290.000,-



Tilboð **2.690.000,-**
**Nissan Patrol** 35"
Árgerð 2005, dísil
Ekinn 143.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 2.990.000,-



Tilboð **3.590.000,-**
**Toyota** Land Cruiser 120 GX
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 143.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 3.890.000,-



Tilboð **2.690.000,-**
**VW Touareg** V8
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 105.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.290.000,-



Tilboð **2.890.000,-**
**Toyota** Land Cruiser 120 LX
Árgerð 2005, dísil
Ekinn 230.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.490.000,-

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

# 2013 Reykjavíkurkjördæmi norður: Efstu menn á lista




**Björt Ólafsdóttir**
BA í sálfræði og M.Sc. í mannauðsstjórnun
- Starfaði meðal annars fyrir Capacent.
- Var formaður Geðhjálpar frá 2011 til loka árs 2012.




**Frosti Sigurjónsson**
rekstrarhagfræðingur
- Hefur unnið við rekstur tæknifyrirtækja.
- Í stjórn Dohop, Datamarket og Arctic Finance.




**Illugi Gunnarsson**
alþingismaður
- Hefur verið þingmaður frá árinu 2007.
- Þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins 2009 til 2010 og aftur frá 2012.




**Össur Skarphéðinsson**
utanríkisráðherra
- Alþingismaður frá 1991, fyrst fyrir Alþýðuflokkinn.
- Formaður Samfylkingarinnar frá 2000 til 2005.




**Katrín Jakobsdóttir**
varaformaður Vinstri grænna og menntamálaráðherra
- Alþingismaður frá 2007 og menntamálaráðherra frá 2009.




**Helgi Hrafn Gunnarsson**
forritari og kerfisstjóri
- Hefur starfað sem forritari og kerfisstjóri.
- Áhugamaður um allt sem varðar mannskepnuna og hennar hætti.

Íbúafjöldi:
**60.100**

Fjöldi á kjörskrá:
**45.569**

Kjörsókn í síðustu kosningum:
**83,1%**







**Kjartan Örn Kjartansson**
fyrrverandi forstjóri




**Methúsalem Þórisson**
talsmaður Húmanistaflokksins og veitingamaður




**Arnþrúður Karlsdóttir**
útvarpsstjóri Útvarps Sögu




**Harpa Njálsdóttir**
félagsfræðingur




**Þorvaldur Gylfason**
prófessor og fyrrverandi stjórnlagaráðsfulltrúi




**Þorvaldur Þorvaldsson**
formaður Alþýðufylkingarinnar og trésmiður




**Ólöf Guðný Valdimarsdóttir**
arkitekt

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
LÍNUÝSA
FISKIBOLLUR
PLOKKFISKUR
FISKRÉTTIR
Heitur matur í hádeginu
Opið laugardaga kl. 11–14
Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686



**SÆRÐUM KOMIÐ TIL HJÁLPAR** Tugir manna voru fluttir á sjúkrahús í Boston eftir að sprengingarnar riðu yfir. Sjúkraflutningamenn og áhorfendur komu þessum manni hjálpar, en hann hafði misst annan fótinn í sprengingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hryðjuverkaárás í Boston-maraþoninu

**Að minnsta kosti tveir eru látnir og margir alvarlega særðir eftir að tvær sprengjur sprungu við endamark hins árlega maraþonhlaups í Boston. Yfirvöld rannsaka málið sem hryðjuverk og öryggisviðbúnaður var aukinn um allan heim.**

**BOSTON, AP** Að minnsta kosti tveir létust og tugir særðust þegar tvær sprengjur sprungu nálægt endamarki Boston-maraþonhlaupsins í gær. Tvær aðrar sprengjur voru gerðar óvirkar skammt frá. Alríkislögreglan FBI rannsakar málið sem hryðjuverk en ekki er vitað hver stóð á bak við tilræðið.

Fyrri sprengingin varð bak við áhorfendasvæðið við endalínuna á Boylston Street, rúmum fjórum klukkustundum eftir að hlaupið hófst. Fimm sekúndum síðar varð önnur sprenging neðar í götunni.

Gripið var til öryggisráðstafana víðar í Bandaríkjunum og víða um heim í kjölfar árásanna, meðal annars í London.

Edward F. Davis, lögreglustjóri í Boston, sagði ekki hægt að útiloka að um hryðjuverk hefði verið að ræða.

„Þið getið dregið ykkar eigin ályktanir af því sem gerðist,“ sagði hann í samtali við fjölmiðla.

Davis sagði árásirnar hafa verið án fyrirvara. „Við höfðum enga hugmynd um að eitthvað þessu líkt væri yfirvofandi.“

35 Íslendingar voru meðal þátttakenda í maraþonhlaupinu en ekki var í gærkvöld vitað til þess að nokkurn þeirra hefði sakað.

Ingibjörg Jónsdóttir var rétt komin yfir endamarkið þegar sprengjan sprakk þar.

„Fólk var ofboðslega hrætt og það var einhver skelfing í fólki sem maður maður þekkir eiginlega ekki,“ segir Ingibjörg í samtali við Fréttablaðið.

„Ég bara fékk algjört sjokk, ég var svo þreytt og svo kom þetta. Ég var bara miður mín.“

Ingibjörg segir að það fyrsta sem hafi komið upp í huga hennar hafi verið að komast í burtu.

„Ég bara dreif mig í burtu, það gerðu það allir. Það voru allir svo hræddir. Það vildi enginn vera á staðnum ef eitthvað meira gerðist,“ sagði hún.

Ingibjörg hitti síðar systkini sín þrjú og mágkonur á hótelinu sem þau dvelja á. Hún segir þau þakklát fyrir að vera öll heil á húfi.



**SEINNI SPRENGINGIN** Starfsmaður Boston-maraþonsins hlúir að fullorðnum hlaupara sem þeyttist til jarðar við fyrri sprenginguna. Í baksýn má sjá blossann frá seinni sprengingunni neðar í götunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

thorgils@frettabladid.is
hanna@frettabladid.is

**visir.is**

Frekari fréttir af hryðjuverkunum í Boston má finna á visir.is.

ÍSLENZKRA FÉLAG SÍMAMANNA F·Í·S
AÐALFUNDUR
Félags íslenskra símamanna
Aðalfundur Félags íslenskra símamanna 2013
verður haldinn að Stórhöfða 31, 1.hæð
(gengið inn að neðanverðu)
þriðjudaginn 23.apríl kl. 18.10
Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál
Reykjavík 10. apríl 2013
Stjórn Félags íslenskra símamanna

Vissir þú að…
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Það er bannað að mismuna
börnum eftir litarhætti

2013

# Yfirburðastaða á undanhaldi

**Sjálfstæðisflokkurinn var stærsti stjórnmálaflokkurinn alla lýðveldissöguna og fram að hruni. Flokkurinn á nú á hættu að missa stöðu sína sem kjölfestuflokkurinn í íslenskum stjórnmálum eftir áfall í síðustu kosningum og skoðanakönnunum undanfarið.**



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

„Ég er ekkert pólitískur, ég kýs bara Sjálfstæðisflokkinn.“ Þetta viðkvæði hefur oft heyrst á síðustu áratugum, í það minnsta hafa andstæðingar flokksins kvartað yfir því að þetta viðhorf hafi ráðið atkvæðum margra. Hvað svo sem er satt í því segir þetta meira en margt annað um þá yfirburðastöðu sem flokkurinn hefur haft í íslenskum stjórnmálum. Hann hefur verið kjölfestan sem hefur getað valið úr samstarfsflokkum. Þess vegna hefur hann verið í 18 af 28 ríkisstjórnum lýðveldistímans.

Úrslit síðustu alþingiskosninga voru hins vegar áfall fyrir flokkinn. Hann fékk verstu útkomu sína frá stofnun; 23,7 prósent, og var allt í einu ekki lengur stærsti flokkurinn á þingi. Það var hins vegar afskrifað sem einstakt tilfelli, öfgafull viðbrögð við öfgafullum aðstæðum sem sköpuðust hér í kjölfar hrunsins. Sjálfstæðisflokkurinn hefur hins vegar ekki náð að rétta úr kútnum og skoðanakannanir benda til þess að hann gæti fengið enn verri útkomu í vor en fyrir fjórum árum.

### Sagan úr Reykjavík

Það er hverjum stjórnmálaflokki áhyggjuefni að tapa jafn miklu fylgi og Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert á síðustu árum, en það er honum sérstakt áhyggjuefni vegna þeirrar stöðu sem hann hefur haft í íslenskum stjórnmálum. Verði hann, aðrar kosningarnar í röð, ekki stærsti stjórnmálaflokkurinn missir hann þau áhrif sem sú staða hefur gefið honum. Þar er sagan úr borgarstjórn Reykjavík flokknum víti til varnaðar.

Frá upphafi borgarstjórnar og fram til ársins 1994 var Sjálfstæðisflokkurinn einn í meirihluta í borginni, fyrir utan eitt kjörtímabil, 1978-1982. Þar réði hann því sem hann vildi ráða, í krafti meirihluta síns, og það var næstum litið á það sem náttúrulögmál að Reykjavík réði Sjálfstæðisflokkurinn. Litið var á kosningasigur vinstrimanna árið 1978 sem einstakt tilfelli í samfellunni, enda vann Sjálfstæðisflokkurinn stórsigur í kosningunum 1982, 1986 og 1990.

Árið 1994 kom Reykjavíkurlistinn hins vegar til sögunnar, allir andstæðingar Sjálfstæðisflokksins bundust samtökum um að fella flokkinn í borginni. Sjálfstæðismenn litu á sigur Reykjavíkurlistans sem annað einangrað tilvik, líkt og 1978, en R-listinn hélt hins vegar völdum fram til ársins 2006. Þá tók við tímabil margra meirihluta, en Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki endurheimt fyrri stöðu sína í borginni.

Heil kynslóð er vaxin upp sem á því ekki að venjast að flokkurinn sé einn í meirihluta í Reykjavík og vandséð er að hann nái þeirri stöðu nokkru sinni aftur. Það er einmitt það sem gæti gerst á landsvísu, nái flokkurinn ekki vopnum sínum.

### Staðan hefur veikst

Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur segir að í umræðunni hafi Sjálfstæðisflokkurinn hrakist meira til hægri, hvað svo sem sé rétt í því. Hann sé tengdur Evrópuandúð, um hann séu notuð hugtök eins og teboðshreyfing og umræðan snúist um að hann sé flokkur skattalækkana sem gagnist helst þeim efnameiri. Í gegnum tíðina hafi hann náð að sameina hægri vænginn og langt inn á miðju, en það gæti breyst.

„Kannski er það þannig að Sjálfstæðisflokkurinn sem við þekktum kemur aldrei til baka. Sé umræða andstæðinga hans skoðuð þá snýr hún að því að endurnýjun skorti í flokknum og uppgjör við hrunið, Davíð Oddsson hafi þar enn tögl og hagldir og flokkurinn hafi ekki beðist afsökunar á hruninu. Raunin er sú að forystan var endurnýjuð, það hafa verið tveir nýir varaformenn frá hruni, framboðslistar endurnýjaðir, framtíðarnefnd vann að breyttu skipulagi og flokkurinn hefur beðist afsökunar. Það hefur þó ekki náð inn í umræðuna.“

Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðingur segir að sjálfstæðismenn ættu kannski að hafa áhyggjur af því hvort meðlimir Sjálfstæðisflokksins séu að verða ólíkari kjósendum en áður. Miklu skipti fyrir framtíðarstöðu hans hvort hann verði í ríkisstjórn næstu fjögur árin.

„Ef hann verður utan ríkisstjórnar í önnur fjögur ár hefur hann misst mikla nærveru í íslenskri pólitík og mikil áhrif. Það hefur aldrei gerst í sögu flokksins að hann hafi verið svo lengi utan ríkisstjórnar. Ef þú skoðar stöðu flokksins yfir lengri tíma er staða hans að veikjast, eins og hjá mörgum öðrum stórum kerfisflokkum. Það hefur eitthvað með samfélagsbreytingar að gera og breytta samsetningu kjósendahópsins.“

Gunnar Helgi ítrekar hins vegar að flokkurinn hafi gott skipulag, nokkuð greiðan aðgang að fjármunum og sé vel grundvallaður hvað varðar innri strúktúr. Hann hafi því ýmsa styrkleika sem geti fleytt honum áfram.

Stefanía bendir á að þegar Samfylkingin kom fram hafi þrengst svo að Framsóknarflokknum á miðjunni að hann hafi nánast horfið. Sjálfstæðisflokkurinn hafi átt á brattann að sækja og hrakist til hægri, af miðjunni.

Ljóst sé að ætli Sjálfstæðisflokkurinn ekki að missa sérstöðu sína verði hann að grípa til róttækra aðgerða. Annars er hætt við því að saga flokksins á landsvísu verði eins og í Reykjavík; nýjar kynslóðir vaxi upp sem hafi ekki hugmynd um sögulega stöðu flokksins og líti ekki á það sem náttúrulögmál að Sjálfstæðisflokkurinn sé stærsti flokkur landsins.

## ERFIÐAR INNANFLOKKSDEILUR



Ekki hefur farið fram hjá neinum að formaður flokksins, Bjarni Benediktsson, hefur ekki setið á sárs höfði. Fjarri því. Hann hlaut ekki þann stuðning í prófkjöri sem formaður flokks gerir yfirleitt, fékk tæp 54% atkvæða í fyrsta sæti. Og þó mikið hafi verið lagt upp úr því að Bjarni hafi fengið 78,9% atkvæða í formannskjöri á landsfundinum í febrúar, þá er það ekki styrkleikamerki að rúm 20% landsfundargesta vilji annan kandídat, ekki síst þar sem Halldór Gunnarsson var eini formlegi mótframbjóðandinn.

**Hanna Birna Kristjánsdóttir** ákvað að gefa ekki kost á sér í formennsku á landsfundinum, en hún var kjörin varaformaður. Eftir því sem gengi flokksins hefur dalað í skoðanakönnunum hafa þær raddir hækkað sem vilja að hún taki við sem formaður. Það náði hámarki í síðustu viku þegar Viðskiptablaðið birti könnun sem sýndi að nær helmingur kjósenda Framsóknarflokksins gæti hugsað sér að kjósa Sjálfstæðisflokkinn væri Hanna Birna formaður.

Þetta kveikti bál, bent var á að útgefandi Viðskiptablaðsins, Pétur Árni Jónsson, er fyrrverandi kosningastjóri Hönnu Birnu. Það hve Hanna var sein til svars eftir birtingu könnunarinnar vakti athygli, en tveir dagar liðu áður en hún lét í sér heyra. Í millitíðinni hafði Bjarni Benediktsson sagst vera að íhuga að hætta sem formaður, en það gerði hann í viðtalsþætti í Ríkissjónvarpinu. Þegar Hanna Birna loks tjáði sig lýsti hún stuðningi við þá ákvörðun sem formaðurinn mundi taka, ekki beint við hann í formennskuna.

Eftir stendur þó að það eru úrslit kosninganna sem segja til um hver staða forystunnar er. Formaður og varaformaður hljóta að svara í sameiningu fyrir þau, hver sem þau verða.




*Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 í byrjun apríl

Eigum eftir nokkur glæsileg eintök af **Chevrolet Captiva bílaleigubílum** á frábærum kjörum.

Bílabúð Benna
**NOTAÐIR BÍLAR**
Góðir bílar og betri kjör

**CHEVROLET CAPTIVA**
Árgerð 2012 | dísel | sjálfskiptur | 184 hö | sjö manna

- ESP stöðuleikastýring
- Tölvustýrð spólvörn
- ABS hemlalæsivörn
- Fjarlægðarskynjari að aftan
- 6 loftpúðar, gardína.
- Þriggja punkta öryggisbelti
- Hiti í speglum
- Hiti í sætum
- Hólf fyrir sólgleraugu
- Kæling í hanskahólfi
- Upphitunarkerfi
- Aksturstölva
- Aðgerðarstýri
- Útihitamælir
- Bluetooth tenging
- Áttaviti
- Hiti á rúðuþurrkum
- Eco sparnaðarstilling
- 6 hátalarar
- USB tengi
- Útvarpsfjarstýring í stýri
- 17" álfelgur
- Rafmagn í speglum, aðfellanlegir
- Sjálfv. birtustillir í baksýnisspegli
- Hleðslujafnari
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafdrifnar rúður

**Verð aðeins: 5.590.000 kr.**




**Bílabúð Benna Reykjavík**
Notaðir bílar • Bíldshöfða 10
Sími: 590 2000 • notadir@benni.is

**Bílabúð Benna Reykjanesbær**
Nýir og notaðir bílar • Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330 • notadir@benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum



Vélasalan
Til sjávar og sveita í 70 ár
Fyrir bílinn, bátinn & ferðavagninn
Innfelld LED ljós
Led kastarar
Koju ljós
LED lesljós
LED flóðljós
LED gaumljós
LED þrepaljós
Lúgur
Áfyllingastútar
VHF-Talstöðvar
Ankeri
Neyðarstigar
Bátastólar
Borðfætur
Fánastangir
Neglur
Kifi
Blásarar
Stýri
Handspil
Boxalok
Lúgutessar
Zink
Zink
Olíuskiftisett
Miðstöðvardælur
Neysluvatnsdælur
Lokar
Sjóinntakssíur
Sjóinntök
Öndunarstútar
Þokulúðrar
Lúðrar
Salerni
Blöndunartæki
Stálvaskar
Sjóstangafestingar
Bensín tankar fyrir utanborðsmótora
Bjargbringir
Bjarghringir
Geymakassar
Affallstankar
Eldsneytistankar
Neysluvatnstankar
Geymakassar
1940 2010
VÉLASALAN
Tæknivík
sterkir saman
Dugguvogi 4 · 104 Reykjavík
Sími, 520 0000 · www.velasalan.is








**VILDI EKKI EFTIRLIT** Jón Gerald Sullenberger bannaði starfsmönnum verðlagseftirlits ASÍ að kanna verð í verslun sinni við Dalveg. MYND/ASÍ

Starfsmönnum ASÍ meinaður aðgangur að Kosti:

# Jón Gerald vildi ekki verðkönnun í Kosti

**NEYTENDAMÁL** Starfsmönnum ASÍ var meinaður aðgangur að versluninni Kosti í gær þegar gera átti þar verðlagseftirlit á vegum stofnunarinnar. Jón Gerald Sullenberger, eigandi Kosts, krafðist þess að starfsmenn ASÍ yfirgæfu verslunina en þeir neituðu. Það varð til þess að Jón Gerald kallaði til lögreglu.

Þegar lögreglan kom á staðinn ráðfærði hún sig við lögmann en sá enga ástæðu til að aðhafast nokkuð. Samkvæmt tilkynningu frá ASÍ ætluðu fulltrúar verðlagseftirlitsins að halda áfram að sinna sínu starfi en Jón Gerald hrifsaði þá gögn af starfsmanni verðlagseftirlits ASÍ og hindraði för starfsmannanna um verslunina og hafði í frammi ógnandi tilburði. Sáu starfsmennirnir sér ekki annað fært en að yfirgefa verslunina.

Í tilkynningunni kemur jafnframt fram að um fáheyrðan atburð sé að ræða.

Jón Gerald segir atburðinn hafa verið sviðsettan af starfsmönnum ASÍ. „Þetta átti greinilega að vera „PR-stunt", mæta hérna með lögfræðinga og ljósmyndara. Þetta er bara eitt stórt leikrit." Jón Gerald segist ósáttur við framkvæmd könnunarinnar og að hann hafi ítrekað bent starfsmönnum ASÍ á það sem betur mætti fara. „Þeir taka það ekki til greina og ég tel verðkönnunina þá ekki vera eðlilega." - hó

90 MÍNÚTUR

HVERNIG ÆTLA ÞAU AÐ ÖRVA ATVINNULÍFIÐ?

MORGUNVERÐARFUNDUR Í SILFURBERGI HÖRPU
FIMMTUDAGINN 18. APRÍL KL. 8.30-10

STÖÐUGLEIKI
SKATTAR
FJÁRFESTINGAR
PENINGASTEFNA


Árni Páll Árnason · Bjarni Benediktsson · Guðmundur Steingrímsson · Katrín Jakobsdóttir · Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

Formenn Samfylkingar, Sjálfstæðisflokks, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Framsóknarflokks ræða um mikilvægustu mál samfélagsins.


Björgólfur Jóhannsson · Orri Hauksson

**Björgólfur Jóhannsson,** formaður SA, setur fundinn
**Orri Hauksson,** framkvæmdastjóri SI, stýrir umræðum

Bein útsending á vef SA.

**Kraftmikið kaffi frá kl. 8.**

SKRÁNING Á WWW.SA.IS

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Ófyrirleitin árás í Ósló:

# Svindlari beit tvo strætóverði

**NOREGUR Ungur maður beit tvo strætisvagnaverði í Ósló eftir að þeir stóðu hann að því fyrir helgi að reyna að svindla sér með strætó án þess að borga.**

**Lögregla var kölluð til eftir að æði rann á manninn. Hvorki lá fyrir hvar mennirnir höfðu verið bitnir né hvort bitin voru alvarleg. Framhald málsins veltur á því hvort meiðslin eru alvarleg.**

**Árásarmaðurinn er tvítugur að aldri og er titlaður góðkunningi lögreglunnar.** - þj

Sex framboð fengu frest fram á hádegi í gær til að lagfæra framboðslista:

# Fjórtán bjóða fram í Reykjavík suður

2013

Framboðin sex sem fengu frest um helgina til að lagfæra meðmælendalista sína í Reykjavíkurkjördæmi suður náðu inn. Þar með hafa öll framboðin sem skiluðu inn listum fyrir komandi kosningar verið samþykkt af yfirkjörstjórn kjördæmisins.

Að sögn Sveins Sveinssonar, formanns yfirkjörstjórnar, brugðust öll framboðin skjótt og vel við athugasemdum kjörstjórnar og lagfærðu meðmælendalista sína. Vinnan gekk að sögn Sveins mjög vel. Alls bjóða því fjórtán listar fram í Reykjavík suður.

Einstaklingunum sem hugðust bjóða fram var synjað á grundvelli kosningalaga. Það voru þeir Arngrímur Pálmason, Benedikt Stefánsson, Ragnar Einarsson, Sturla Jónsson og Guðbjörn Jónsson.

K-listi Sturlu Jónssonar kemur þó enn þá til með að bjóða fram í Reykjavík suður.

Nokkrir einstaklinganna hafa kært úrskurð kjörstjórnar með vísan í stjórnarskrá en það er mat þeirra að ákvæði um kosningar og framkvæmd þeirra stangist á við kosningalög. Ekki liggur fyrir hverjir það eru sem hafa kært eða hvenær kæran verður tekin fyrir hjá Landskjörstjórn. - mlþ



**KOSNINGAR** Gengið verður til kosninga til Alþingis þann 27. apríl næstkomandi.

Danir í heilagt stríð:

# Ógnar öryggINU í Danmörku

**DANMÖRK** Dómsmálaráðherra Danmerkur, Morten Bødskov, segir þátttöku Dana í stríðinu í Sýrlandi geta ógnað öryggINU í Danmörku.

Í frétt á vef Kristilega dagblaðsins segir að danska leyniþjónustan hafi nýlega greint frá því að 45 manns hafi frá því í ágúst 2012 haldið frá Danmörku til Sýrlands til þess að taka þátt í stríðinu þar.

Rannsóknir á dönskum hryðjuverkamálum hafa leitt í ljós að þeir sem taka þátt í orrustum komast í kynni við net herskárra íslamista. Slíkt geti leitt til hryðjuverkaárása í Danmörku. -ibs

Kosið í stjórn á laugardag:

# Geðhjálp fær nýjan formann

**FÉLAGSMÁL Hrannar Jónsson var kjörinn nýr formaður Geðhjálpar á aðalfundi félagsins sem haldinn var síðastliðinn laugardag.**

**„Í stjórn voru kjörin þau Jónína Valsdóttir, Maggý Hrönn Hermannsdóttir, Róbert Lagerman og Sveinn Rúnar Hauksson. Í varastjórn hlutu kosningu Gunnar Einarsson, Héðinn Unnsteinsson og Margrét Ómarsdóttir,“ segir í tilkynningu Geðhjálpar.**



**HRANNAR JÓNSSON**

**Hrannar er 49 ára gamall Reykvíkingur og starfar við hugbúnaðarþróun.** - óká

Vill verða barnshafandi:

# Neitað um eigið egg úr frysti

**SVÍÞJÓÐ Pari í Svíþjóð hefur verið neitað um eigið egg sem geymt hefur verið frjóvgað í frysti. Konan varð 46 ára í fyrra og er hún sögð of gömul til þess að verða barnshafandi.**

**Eggið varð afgangs við tilraunir parsins fyrir fimm árum til þess að verða foreldrar. Þegar tilraunin mistókst ættleiddi parið í staðinn tvö börn. Samkvæmt reglum yfirvalda má ekki geyma frjóvgað egg í frysti lengur en í fimm ár, að því er segir í frétt á vef Dagens Nyheter.** - ibs

**FERÐAÞJÓNUSTA**

### Vilja fá náttúrupassa

Ferðaþjónustan er reiðubúin til viðræðna við stjórnvöld um útgáfu náttúrupassa til fjármögnunar framkvæmda við ferðamannastaði. Þetta kemur fram í ályktun nýafstaðins aðalfundar Samtaka ferðaþjónustunnar.



## Hefur þú greinst með slitgigt í mjöðm?

Össur hf. er að þróa mjaðmaspelku til að minnka verki og auka hreyfifærni einstaklinga með mjaðmaslitgigt. Leitað er aðstoðar einstaklinga frá 18 ára aldri sem greindir hafa verið með mjaðmaslitgigt til að taka þátt í þróun og prófunum á spelkunni.

Þátttakan felst m.a. í heimsóknum í rannsóknarsetur Háskóla Íslands þar sem spurningalistar verða lagðir fyrir, hreyfanleiki í mjöðm verður mældur og göngugreining gerð. Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er dr. Þorvaldur Ingvarsson, bæklunarlæknir.

Tekið skal fram að þeir sem hafa samband eru með því aðeins að lýsa yfir áhuga sínum á því að fá frekari upplýsingar, ekki að skuldbinda sig til þátttöku. Þátttakendur geta dregið sig úr rannsókninni hvenær sem er án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir því.

Rannsóknin hefur hlotið samþykki Vísindasiðanefndar og verið tilkynnt Persónuvernd.

Áhugasamir vinsamlegast hafi samband í s. 425-3400.

ÖSSUR®

WWW.OSSUR.IS

*Life Without Limitations®*




**HERFLUGVÉLAR** Bandaríkjamenn eiga ellefu sinnum fleiri herflugvélar en Kínverjar, þrátt fyrir að saman dragi með ríkjunum í útgjöldum til hernaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Útgjöldin lækkuðu í fyrsta sinn í fjórtán ár:

# 210.000 milljörðum eytt í hernað í fyrra

**SVÍÞJÓÐ** Útgjöld til hernaðar í heiminum lækkuðu í fyrra, í fyrsta skipti frá árinu 1998. Útgjöldin á heimsvísu námu um 210 þúsund milljörðum íslenskra króna, eða 1.750 milljörðum dollara.

Þessi upphæð er 0,5 prósentum lægri en árið 2011.

Það er alþjóðafriðarrannsóknastofnunin í Stokkhólmi sem tekur saman tölur um útgjöld til hernaðarmála. Sérfræðingar hennar segja að lækkun útgjalda megi rekja til sparnaðar í Bandaríkjunum og öðrum NATO-ríkjum. Þetta er rakið til niðurskurðar vegna fjármálakreppu og vegna minni umsvifa í Afganistan.

Þrátt fyrir sparnað í vestrænum ríkjum hafa útgjöldin aukist annars staðar. Til að mynda jukust þau um 7,8 prósent milli ára í Kína og 16 prósent í Rússlandi. Mest hækkuðu útgjöldin í Óman, um heil 51 prósent.

Þetta segir stofnunin að gæti verið upphafið að breytingum á jafnvægi í þessum málum, frá ríku vestrænu ríkjunum til annarra svæða.

Bandaríkin tróna þó enn á toppi eyðslunnar og útgjöld þeirra voru um 39 prósent allra hernaðarútgjalda heimsins í fyrra. Þetta er þó í fyrsta sinn frá því að Kalda stríðinu lauk sem hlutfallið fer niður fyrir 40 prósent. **- þeb**




## EFNAHAGSHORFUR

Greiningardeild Arion banka býður til morgunfundar miðvikudaginn 17. apríl þar sem fjallað verður um efnahagshorfur og afnám hafta. Fundurinn verður haldinn í Arion banka, Borgartúni 19.

Boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8.15. Höskuldur H. Ólafsson bankastjóri setur fundinn kl. 8.30. Áætluð fundarlok eru kl. 9.30.

**FÖST Í FYRSTA GÍR: EFNAHAGSHORFUR 2013–2015**

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar

**AFNÁM HAFTA: FJARLÆGUR DRAUMUR EÐA NÁLÆGUR VERULEIKI?**

Hafsteinn G. Hauksson, hagfræðingur hjá greiningardeild

Fundarstjóri er Halldór Bjarkar Lúðvígsson, framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs

Skráning á arionbanki.is/morgunfundur

Allir velkomnir

Arion banki

Nýr samningur milli hins opinbera og rekstrarfélags Hörpu:

# Ensku skipt út fyrir íslensku

**FJÁRMÁL** Vegna endurskipulagningar á fyrirtækjaformi Hörpunnar hefur verið gerð ný útgáfa af samningi um verkefnið milli ríkisins og Reykjavíkurborgar annars vegar og Hörpu TR ohf. hins vegar. Harpa TR er nú viðsemjandi í stað Austurhafnar TR ohf.

Til þess að Landsbankinn, lánveitandi Hörpu, haldi sömu tryggingu og áður, verður honum heimilt að ganga inn í veðsamning Hörpu og Landsbankans ef til þjónustufalls Hörpu kemur. Við endurskoðun samningsins var hann jafnframt hafður á íslensku í stað ensku útskýrði borgarlögmaður í greinargerð til borgarráðs. - gar



**HARPA** Landsbankinn getur gengið inn í samninginn sem fyrr.

Grænlendingar í könnun:

# Vilja frekar tengjast Kanada

**GRÆNLAND Grænlendingar vilja að Kanada verði nánasti bandamaður þeirra á næstu árum. Þetta kemur fram í nýrri grænlenskri könnun, sem danska ríkisútvarpið greindi frá í gær.**

**Flestir Grænlendingar, 31 prósent, vilja að Kanada verði nánasti bandamaður Grænlands, en 22 prósent vilja Danmörku sem nánasta bandamann.**

**Þrátt fyrir þetta sögðust 84 prósent aðspurðra vera ánægð með tengslin við Danmörku og vilja halda þeim óbreyttum.** - þeb



**SNÆFELLSJÖKULL** Snæfellsbær er sveitarfélag á vestanverðu Snæfellsnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Rekstur Snæfellsbæjar 2012:

# Reikningurinn jákvæður um 106 milljónir

**STJÓRNSÝSLA** Rekstrarafkoma Snæfellsbæjar var mun betri árið 2012 en gert var ráð fyrir. Áætlun hafði gert ráð fyrir 37 milljóna króna afkomu en hún varð 106 milljónir króna þegar upp var staðið. Bæjarstjórinn, Kristinn Jónasson, þakkar vanáætluðum tekjum og góðu starfsfólki bæjarins góða afkomu. Skessuhorn greinir frá þessu.

Samkvæmt ársreikningnum sem ræddur var í bæjarstjórninni nýverið lækkuðu heildarskuldir bæjarsjóðs um 60 milljónir og nema nú 1.716 milljónum króna. - bþh

**NORÐUR-KÓREA**

## BBC sýndi umdeilda mynd

Breska ríkisútvarpið (BBC) sýndi í gærkvöldi umdeilda heimildarmynd um ástandið í Norður-Kóreu. Myndin var tekin upp í ferð hagfræðinema frá London School of Economics til landsins. BBC sýndi myndina þrátt fyrir mótmæli stúdentanna, sem segjast ekki hafa vitað af myndatökunni. Myndatakan hefði getað komið ferðalöngunum í stórhættu hefði upp um hana komist.







# SKOÐUN

Framkvæmd hlerana rýrir trúverðugleika lögreglu:

## Hleranafúsk

Nýjar upplýsingar um framkvæmd símahlerana embættis sérstaks saksóknara hjá grunuðum mönnum í Al Thani-málinu renna fleiri stoðum undir þá skoðun margra að hvorki framkvæmd hlerana lögreglunnar né eftirlit með þeim sé í lagi.

Í febrúarlok svaraði Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra ýtarlegri fyrirspurn Bjarna Benediktssonar á Alþingi um símahleranir. Þar var meðal annars spurt hve oft samskipti grunaðs manns við lögmann hefðu verið hleruð, en slík samtöl njóta sérstaks trúnaðar.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Innanríkisráðuneytið leitaði svara hjá Ríkissaksóknara, sem á að hafa eftirlit með hlerunum. Embættið taldi ekki hægt að svara fyrirspurninni; upplýsingarnar væru ekki skráðar. Saksóknari vísaði meðal annars til þess að samkvæmt lögum skyldi þegar í stað eyða gögnum sem hefðu að geyma samtöl eða önnur samskipti sakbornings við verjanda sinn. Ekki gat Alþingi ráðið annað af svarinu en að það væri verklagið hjá lögreglunni.

Annað kemur þó á daginn. Hinn 11. marz sendi Hörður Felix Harðarson, verjandi Hreiðars Más Sigurðssonar í Al Thani-málinu, Ríkissaksóknara bréf þar sem hann vakti athygli hans á því að við yfirferð símtala Hreiðars sem sérstakur saksóknari hleraði, hefði komið í ljós að símtöl hans og verjandans hefðu verið „hleruð og vistuð hjá embættinu“.

Fréttablaðið fékk þær upplýsingar hjá Ríkissaksóknara að þessi kæra væri enn til rannsóknar hjá því embætti. Sérstakur saksóknari hefur ekkert viljað tjá sig um málið. Það er hins vegar orðið brýnt að fá svör við spurningu sem lögmaður setti fram í samtali við Fréttablaðið í lok febrúar: „Ef ríkissaksóknari er ekki að fylgjast með því að þessum trúnaðarsamtölum sé eytt, hver er þá að fylgjast með því? Enginn?“

Í tengslum við Al Thani-málið kom líka fram að Sérstakur saksóknari hefði vikum saman hlerað síma manns norður í landi, sem tengdist málinu ekki nokkurn skapaðan hlut. Það er afar freklegt inngrip í einkalíf viðkomandi. Í yfirlýsingu frá sérstökum saksóknara kom fram að síma viðkomandi hefði verið hleraður vegna mistaka hjá símafyrirtæki, en þau sjá um framkvæmd hlerana fyrir lögregluna. Símtölin væru ekki á meðal málsgagna og hefðu engin áhrif haft á málið.

Sérstakur saksóknari getur hins vegar ekki firrt sig ábyrgð á klúðrinu. Hafa starfsmenn hans ekkert eftirlit með hlerunum sem símafyrirtæki framkvæma til að ganga úr skugga um að rétt fólk sé hlerað? Þetta hlýtur að styrkja þá beiðni símafyrirtækjanna að lögreglan fái búnað til að hlera síma sjálf, milliliðalaust.

Allt of margt hefur komið fram um of frjálslega umgengni um heimildir laga til símahlerana, slælegt eftirlit með þeim og fúsk í framkvæmdinni til að hægt sé að láta það kyrrt liggja. Það er sjálfsagt að lögreglan hafi þessar heimildir, en bæði eftirlitið og framkvæmdin verða að vera í lagi.

Það sem löggæzlan mætti gjarnan hafa í huga er að eigi hún að fá auknar rannsóknarheimildir til að fylgjast með skipulagðri glæpastarfsemi – sem full þörf er á – þarf bæði almenningur og löggjafinn að hafa trú á að vel sé með þær farið og eftirlitið tryggt. Þá skiptir miklu máli hvernig farið er með þau úrræði sem lögreglan hefur nú þegar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

**Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu**

**Breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins**

Haldinn verður opinn kynningarfundur* um breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, kl 16:30, þann 18. apríl í Salnum Kópavogi. Kynntar verða tillögur að breytingum sem tilkomnar eru vegna yfirstandandi endurskoðunar aðildarsveitarfélaga á aðalskipulagi.

Kynning þessi fer fram áður en breytingartillögur eru teknar til afgreiðslu hjá svæðisskipulagsnefnd og sveitarstjórnum.

Nánari kynningargögn er að finna á vef samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu www.ssh.is

**Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins**

*Lögboðin kynning sbr. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Peking í stað Brussel

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra ritaði í gær undir fríverslunarsamning á milli Íslands og Kína. Samningurinn lýtur að niðurfellingu tolla á útflutningsafurðum Íslands til Kína og Kína til Íslands, að landbúnaðarafurðum undanskildum. Þó að Össur sé starfssamur má gera ráð fyrir að þetta verði með síðustu embættisverkum hans á kjörtímabilinu í embætti utanríkisráðherra, en í upphafi þess hefur hann efalítið frekar haft hug á því að vera um þetta leyti staddur í Brussel að tryggja inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Peking varð það hins vegar, en rætist draumur Össurar um aðild að ESB fer þessi samningur væntanlega fyrir lítið.

### Aftur 2007

Gagnrýnendur Sjálfstæðisflokksins hamra á því að hann sé að bjóða fram sömu lausnir og árið 2007. Hvað sem í því er hæft verður ekki annað sagt en að Samfylkingin sé á svipuðum nótum og hún var það örlagaríka ár. Samræðustjórnmálin sem þá voru boðuð heita nú „fordæmalaust samtal“ í munni nýs formanns. Og Samfylking sækir í smiðju Nóa Síríusar sem auglýsir að Nizza súkkulaði hafi litríkt bragð og boðar líf í lit.



### Þrettánflokkurinn

Fá hugtök eru jafn hvimleið í íslenskri stjórnmálaumræðunni og staglið um fjórflokkinn. Það heyrist helst hjá fólki sem vill sæti á Alþingi, eða styðja aðra þangað, en finnur sér ekki farveg fyrir skoðanir sínar hjá þeim flokkum sem fyrir eru og stofnar nýjan. Sem er hið besta mál. Eftirfarandi er hins vegar staðreynd. Það var síðast árið 1983, fyrir 30 árum, að aðeins fjórir flokkar voru á Alþingi. Síðan 1983 hafa 13 flokkar átt sæti á Alþingi, en enn notum við frasann um fjórflokkinn sem Vilmundur Gylfason bjó til árið 1983 og látum raunveruleikann ekki trufla okkur.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Að sjá hið augljósa

STJÓRNMÁL



**Pétur Gunnarsson**

rithöfundur

Er ekki makalaust hvað botninn getur dottið úr jafnvel hinum æðstu gildum? Þannig hefur Alþingi á einu kjörtímabili náð að gera þingræðið marklaust. Og þannig hefur skrípaleikur nokkurra lögmanna í kringum fjárplógsmennina holað að innan sjálft réttarríkið. Vonandi er ekki svo komið að okkur finnist við betur sett án þingræðis og án réttarríkis!

En það sem hrópar hvað hæst um vanhæfi nú um stundir er hið pólitíska flokkakerfi. Orðið til á 19. öld og ber í stórum dráttum keim af því þegar símalausar fjarlægðir voru nær óyfirstíganlegar og gufuknúin járnbraut helsta samgöngutækið. Kosningaréttur var bundinn við karlkyn og tekjur, í raun höfðu aðeins tvö til fjögur prósent þjóðanna rétt til að kjósa. Nú hafa að vísu bæði kynin öðlast þennan rétt sem aðeins er bundinn við aldur. Var 25 ár í fyrstu, er átján nú.

Samt sem áður verður með hverju árinu ljósara hvað þetta fyrirkomulag stendur veruleikanum á beini. Hve gríðarleg sóun það er á mannvali að kjósendur skuli ekki fá að setja saman lista í kjörklefanum. Þess í stað er boðið upp á allt-eða-ekkert fyrirkomulag þar sem kjósandinn þarf að kokgleypa hóp manna sem hefur kannski á að skipa einum til tveimur að hans skapi og útilokar með

**➜ Samt sem áður verður með hverju árinu ljósara hvað þetta fyrirkomulag stendur veruleikanum á beini. Hve gríðarleg sóun það er á mannvali að kjósendur skuli ekki fá að setja saman lista í kjörklefanum.**

þeim eina krossi fjölda annarra sem hann treystir mun betur til verka á öðrum listum.

Við sáum í stjórnlagaþingskosningunni 2012 hve gerlegt það er að hafa annan hátt á við val fulltrúa á þing. Að vísu átti enginn von á öllum þeim sæg sem lýsti sig reiðubúinn til starfa (á sjötta hundrað manns), en fyrirkomulagið hélt engu að síður og skilaði mengi manna og kvenna sem tókst á einu ári að ljúka verki sem Alþingi hafði reynst ofviða á sjötíu árum.

Nú mætti að vísu hugsa sér að flokkar gegndu eftir sem áður hlutverki við að finna og bera fram fulltrúa, en síðan kæmi í hlut kjósenda að raða þeim saman. Kostirnir blasa við og hlýtur að vega þungt að núverandi fyrirkomulag: flokksræðið – hefur sýnt sig að vera öldungis óstarfhæft.

Oft er erfiðast að sjá hið augljósa. En eftir hverju erum við eiginlega að bíða?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ertu geðveikur?

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



Þetta er orðalag sem við höfum öll heyrt og er gjarnan fleygt meira í gríni en alvöru þegar verið er að ræða hin ýmsu mál. Fáir láta það fara í taugarnar á sér en vafalaust eru einhverjir til sem myndu taka þetta óstinnt upp og sér í lagi ef það væri raunverulega svo. Það er vel þekkt að sumir sjúkdómar og þeir einstaklingar sem þá bera verða fyrir meiri fordómum en aðrir. Yfirleitt er fólk ekkert sérstaklega að flíka því ef það er með kynsjúkdóm, það er almennt feimnismál og líklega flestir sammála því að bera slíkar upplýsingar síður á torg. Sama máli gegnir svo sem um marga sjúkdóma en sennilega er í gegnum tíðina búið að reyna að fela hvað mest hin andlegu vandamál, svo fjölmörg sem þau nú eru.

Það er auðvitað ekkert gamanmál að glíma við sjúkdóm en það er enn verra að eiga við hann ef maður hefur það á tilfinningunni að maður þurfi að fela hann eða skammast sín. Þeir eru margir sem átta sig á því að líklega er það ekki rétta leiðin til að glíma við vandann, heldur er betra að leita sér aðstoðar. Síðastliðinn vetur höfum við margoft fengið fregnir af einstaklingum sem stíga fram og segja sögu sína, og almennt eru þetta gríþandi frásagnir og hreinskilnar. Þeir sem hlusta og horfa verða þátttakendur í lífi og lífsreynslu þeirra sem slíkt gera og við finnum hvernig þetta tekur á einstaklinginn og okkur en líka hvað það er mikill léttir að geta rætt líf sitt og líðan.

### Enn langt í land

Um margra ára skeið höfum við barist fyrir því að draga úr fordómum, hverju nafni sem þeir kunna að nefnast, og er það vel. Okkur hefur tekist vel upp sums staðar og jafnvel skarað fram úr. Undirrituðum þykir þó enn langt í land með að umræðan um geðsjúkdóma sé á sama plani og það sem gerist til dæmis um aðrar tegundir sjúkdóma og má þar nefna hjartasjúkdóma, en ég þekki fáa slíka sem þykir þeir mikið feimnismál. Þessu þarf að breyta og við þurfum að vinna markvisst að því. Nýleg umræða um lyfjamisnotkun og útskriftir ávanabindandi lyfja sem eru notuð í meðferð við ADHD er eitt dæmi um umfjöllun sem hefur að vissu leyti hindrað að þessum einstaklingum sé hjálpað. Ég er fylgjandi því að hafa gott eftirlit og hindra tilefnislausar útskriftir lyfja sem mest er mögulegt og vinna gegn fíkn, en við verðum líka að bjóða upp á úrræði fyrir þessa hópa.

Þá hefur verið fjallað mikið um aukna notkun kvíðastillandi lyfja og þunglyndis- og svefnlyfja hérlendis, sem að einhverju leyti má rekja til þeirrar staðreyndar að lífið hefur verið mörgum ansi erfitt undanfarin ár. En það er ekki nægjanlega góð skýring. Fleiri atriði koma til og eitt er líklega að slík meðferð getur tímabundið verið einfaldari og ódýrari en að fá stuðning í formi samtalsmeðferðar eða hugrænnar atferlismeðferðar sem er ekki niðurgreidd af ríkinu, svo dæmi sé tekið. Margir læknar hafa ekki tíma til að sinna lengri viðtölum á stofu, sérstaklega heimilislæknar, þrátt fyrir að slíkt sé hluti af kjarnaþjónustu í hugmyndafræði heimilislækninga. Það hefur vafalaust áhrif.

> Okkur hefur tekist vel sums staðar og jafnvel skarað fram úr.

Kvíði og þunglyndi eru þeir geðsjúkdómar sem fagfólk í heilbrigðisþjónustu mætir hvað oftast og það merkilega er að flestir þeir einstaklingar sem glíma við slíkar raskanir eiga við fleiri en einn vanda að stríða í þeim skilningi að sjálfsmynd, sjálfsálit, samskiptamynstur, áfalla- og fjölskyldusaga og ýmsir ytri þættir hafa veruleg áhrif á einstaklinginn. Því er í raun sjálfgefið að til þess að koma þessum einstaklingum í betra jafnvægi þarf fleiri en eina nálgun að vandanum. Gamla orðatiltækið um að herða sig og láta ekki svona, manna sig upp og takast á við hlutina hljómar ansi hjákátlega í huga þess sem glímir við kvíða sem hann getur jafnvel ekki útskýrt sjálfur. Hið sama á við um þunglyndi sem alla jafna á sér einhverjar rætur. Þar hjálpar ekki bara einhver pilla, heldur þarf að skoða heildarmyndina. Skyndilausnir, hverjar sem þær eru duga, oftast skammt. Bæði fagfólkið og einstaklingarnir sem þjást af ofangreindum vanda þurfa að nálgast viðfangsefnið á þann máta að vera opinská, hreinskilin og samstarfsfús til þess að finna sameiginlega lausnir. Þetta er ekki feimnismál!

# Þegar Framsókn og Sjálfstæðisflokkur einkavæddu vatnið

STJÓRNMÁL
Katrín Júlíusdóttir
fjármála- og efnahagsráðherra, í 2.sæti á lista Samfylkingar í Suðvesturkjördæmi



Þegar jafnaðarmenn komu að eftir valdatíð Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks blasti við ófögur staða í auðlindamálum. Heitt og kalt grunnvatn í iðrum jarðar hafði verið sett í einkaeign árið 1998, yfirborðsvatnið okkar hafði verið einkavætt með alræmdum nýjum vatnalögum árið 2006, aðgengi að fiskveiðiauðlindinni var úthlutað án endurgjalds til þjóðarinnar á meðan handhafar veiðiheimilda innheimtu sjálfir veiðigjöld og ríkisstjórnin hafði selt jarðvarmaauðlindirnir á Reykjanesi, sem voru komnar í einkaeigu félags undir FL Group. REI-málið staðfesti síðan að þessir flokkar ætluðu að ganga enn lengra í þágu sérhagsmuna gegn almannahagsmunum í auðlindamálum.

### Alræmd einkavæðingarlög

Fyrsta verk okkar jafnaðarmanna var að koma í gegn lögum sem bönnuðu sölu auðlinda úr opinberri eigu og til einkaaðila. Í framhaldi af því komust svo hinar mikilvægu jarðvarmaauðlindir á Reykjanesi í eigu ríkisins. Sem iðnaðarráðherra beitti ég mér fyrir því að afnema hin alræmdu einkavæðingarlög um yfirborðsvatnið og styrkja um leið almannaréttinn í gildandi vatnalögum. Við höfum líka tryggt þjóðinni eðlilega hlutdeild í þeim mikla arði sem til verður vegna verðmætis sjávarútvegsauðlindar okkar.

> ➜ Sem iðnaðarráðherra beitti ég mér fyrir því að afnema hin alræmdu einkavæðingarlög um yfirborðsvatnið…

Heildstæð auðlindastefna byggir á því að auðlindirnar sjálfar skuli vera í eigu eða umsjón þjóðarinnar og hún fái sanngjarnan hluta þess auðlindaarðs sem til verður vegna úthlutunar tímabundinna sérleyfa til nýtingar.

Alþjóðlegir aðilar á borð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hafa hvatt ríki til að innheimta hluta auðlindarentu, því slíkt getur skapað miklar tekjur sem gera viðkomandi ríkjum kleift að lækka aðrar álögur eða efla innviði. Þá hefur slíkt tilkall miklu minni neikvæð áhrif á hvata til fjárfestingar og uppbyggingar en hefðbundnir skattar og gjöld.

Næsta verkefni er að gera langþráð stjórnarskrárákvæði um þjóðareign á auðlindum að veruleika og nýta til þess þá samstöðu sem náðist um breytingarákvæði í stjórnarskrá. Þjóðin á að krefja öll framboð um afdráttarlaus svör við því hvort þau hyggist standa að því hagsmunamáli.



FYRIR FÓLKIÐ Í LANDINU
VINSTRI GRÆN

# Skattlagning á banka fyrir skuldara

FJÁRMÁL



Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra

Stjórnarmeirihlutinn á Alþingi bjó til tvenns konar tæki sem skapa ríkinu afar sterka stöðu í nauðasamningum við kröfuhafa föllnu bankanna. Þau fólust í framlengingu gjaldeyrishafta sem koma í veg fyrir að kröfuhafar geti farið með gjaldeyri út úr landinu. Hitt tækið er samþykkt Alþingis um að gjaldeyriseign búanna færi undir höftin. Athyglisvert var að hvorki Sjálfstæðisflokkur né Framsókn treystu sér til að styðja þessi lög í fyrstu atrennu.

Ríkisstjórnin ætlaði að nota þetta svigrúm, sem getur a.m.k. orðið frá 100-350 milljörðum, ef 200 milljarða krónueign bankanna er talin með, til að eyða kvikum krónum og lækka skuldir ríkisins um allt að 20%. Miklu skiptir að í kjölfarið yrði þá tiltölulega fljótt hægt að afnema gjaldeyrishöftin – jafnvel innan árs frá lokum samninga. Þar með væri rutt úr vegi helstu hindrun til að Ísland gæti farið beint inn í ERM II þegar aðild að ESB yrði samþykkt. Um leið væri krónan komin í skjól og drægi stórlega úr áhrifum verðtryggingar.

Lokun á nauðasamningum gæti hins vegar tekið langan tíma. Í því ljósi gæti verið innistæðulítið að lofa skuldurum skjótri úrlausn. Það gera hins vegar Sigmundur Davíð og Framsóknarflokkurinn. Ég er hins vegar efins um að það sé hægt gegnum nauðasamninga að skapa nógu mikið svigrúm nógu fljótt til að geta staðið við loforðin sem Framsóknarflokkurinn og Sigmundur hafa gefið. Ég tel líka að aðferð hans kalli fram mikla verðbólgu sem mun éta upp ávinning skuldaranna af þessari einskiptisaðgerð.

### Skattleggjum bankagróðann

Þess vegna vil ég fara aðra leið. Hún felst í tvennu. Annars vegar að skattleggja tímabundið ofsagróða bankanna. Þeir hafa frá upphafi haft hagnað upp á 260 milljarða, og bara á síðasta ári var hann 66 milljarðar. Bankarnir eru ýmist í eigu ríkisins eða kröfuhafa. Ég vil með lögum láta þá borga 15 milljarða árlegan skatt á ofsagróða sinn í fimm ár. Sömuleiðis vil ég að sérstakur skattur upp á 0,1285% af öllum skuldum fjármálafyrirtækja verði líka látinn ná yfir fjármálafyrirtæki í slitameðferð. Það gæfi tekjur upp á um 13 milljarða á ári. Næði þetta fram að ganga gæti þessi tvíþætta skattlagning á bankana skapað rými upp á 140 milljarða.

Þetta gæti verið til ráðstöfunar til að fjármagna aðgerðir til að rétta hlut þeirra sem fóru verst út úr hruninu. Í kjölfarið vil ég svo nota svigrúmið sem skapast við nauðasamninga til að greiða niður skuldir ríkisins, lækka þær um 20%, og afnema gjaldeyrishöftin sem fyrst í kjölfarið. Um þetta hljótum við Sigmundur að geta verið sammála. Þetta nær markmiðum okkar beggja um lausn fyrir illa stadda skuldara frá bóluárunum fyrir hrun, lækkar skuldir ríkisins um 20% og gerir okkur kleift að afnema gjaldeyrishöftin.

**➜ Um þetta hljótum við Sigmundur að geta verið sammála. Þetta nær markmiðum okkar beggja...**

# Velferð á umbrotatímum

STJÓRNMÁL



Árni Páll Árnason
formaður Samfylkingarinnar

Á síðasta kjörtímabili tók Samfylkingin við erfiðasta velferðarverkefni síðustu áratuga á Íslandi: Atvinnuleysi jókst um þúsund manns á mánuði og engin úrræði voru til. Fyrir lá að draga þyrfti gríðarlega saman í ríkisútgjöldum og að velferðarmál og menntamál næmu saman um 75% ríkisútgjalda. Það var því engrar undankomu auðið að skerða þau útgjöld.

Við horfum nú til baka og sjáum að okkur hefur tekist svo vel til að undrum sætir. Við skertum ekki lágmarksbætur og stóðum vörð um hækkanir okkar á þeim frá því fyrir hrun – við skertum bara bætur þeirra sem meira höfðu milli handanna. Við skertum einungis hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi en skertum ekki um eina krónu þá sem höfðu tekjur undir 250 þúsund krónum. Við skertum ekki atvinnuleysisbætur. Í félagsmálaráðherratíð minni og Jóhönnu var uppsafnaður sparnaður í almennri stjórnsýslu ríkisins 17-19%, en 2,6% í þjónustu við fatlaða. Fátt sýnir betur forgangsröðun Samfylkingarinnar.

### Stórátak

Og þrátt fyrir þrengri fjárráð en nokkru sinni tókst okkur að bæta í á mörgum sviðum. Við hófum stórátak í byggingu hjúkrunarheimila, sem rísa nú um allt land. Á nýju kjörtímabili munum við halda áfram þessu góða verki og byggja 350 ný hjúkrunarrými. Það fannst ekki eyrir til þess í stjórnartíð Framsóknar og Sjálfstæðisflokks, þótt smjör drypi þá af hverju strái og þeim stjórnarherrum þótti sér sæma að búa öldruðum tví- og þríbýli á hjúkrunarheimilum og flytja aldrað fólk hreppaflutningum landshorna á milli. Mosfellingar voru fluttir á Kirkjubæjarklaustur og Garðbæingar til Dalvíkur árið 2007.

Við bjuggum líka til stórátak í menntun ungs atvinnulauss fólks. Þúsundir atvinnulausra ungmenna hafa fengið ný tækifæri og nýtt þau, sjálfum sér og samfélaginu til góðs.

Á nýju kjörtímabili bíða okkar enn fleiri verkefni. Við munum bæta kjör lífeyrisþega í samræmi við þau loforð sem ég veitti í upphafi kjörtímabilsins. Nýtt almannatryggingakerfi, sem bætir mjög hag lífeyrisþega, hefur verið kynnt og við munum setja fjármögnun þess í forgang. Við höfum þegar breytt vaxtabótakerfi til að mæta betur fólki á lágum og meðaltekjum og við höfum aukið við barnabætur. Við munum afnema tekjutengingu þeirra og draga úr álögum á brýnustu nauðsynjar, matvæli og barnaföt.

Það skiptir máli hverjir stjórna.

**➜ Þúsundir atvinnulausra ungmenna hafa fengið ný tækifæri og nýtt þau....**

# Fyrirgefning – ekki alltaf svarið

SAMFÉLAG



Sólveig Anna Bóasdóttir
dósent í guðfræðilegri siðfræði við guðfræði- og trúarbragðadeild HÍ

Fyrirgefning er fallegt orð og eins þykir fagurt að fyrirgefa í mannlegum samskiptum. Sérstaklega í kristnu samhengi. Ekki er hægt að skýra það með því að margir ritningarstaðir í Biblíunni séu tengdir fyrirgefningunni. Þeir tiltölulega fáu fyrirgefningartextar sem finnast í Nýja testamentinu fjalla fyrst og fremst um fyrirgefningu Guðs og Jesú á syndum manna, og eiga það sameiginlegt að það er hinn valdameiri sem fyrirgefur þeim valdaminni.

Hvað þá með ritningarstaði í Nýja testamentinu þar sem fyrirgefning í mannlegum samskiptum kemur fyrir? Eitt aðalþemað í því sambandi er hvernig fyrirgefning manna tengist fyrirgefningu Guðs. Hvergi sést þetta betur en í bæninni Faðir vor. Matteusarguðspjall orðar þetta þannig: Fyrirgef oss vorar skuldir svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum, en hjá Lúkasi segir: fyrirgef oss vorar syndir, enda fyrirgefum vér öllum vorum skuldunautum.

Hvernig ber að skilja þessa bæn? Má skilja það svo að við manneskjur verðum að fyrirgefa hver annarri svo Guð geti fyrirgefið okkur eða biðjum við Guð að fyrirgefa okkur vegna þess að við fyrirgefum? Hvað ef við fyrirgefum ekki, mun Guð þá ekki heldur fyrirgefa okkur?

Til að svara þessu skulum við líta á fyrirgefningarlíkan Nýja testamentisins. Þar finnum við ákveðna mynd af samskiptum landeiganda og leiguliða þegar rætt er um fyrirgefningu. Þessi mynd hefur síðan verið yfirfærð á andlegan veruleika, á samband Guðs og manna. Það sem vekur athygli er að fyrirgefningin streymir aðeins í eina átt: frá þeim valdameiri til hins valdaminni. Það er ekki mögulegt frá sjónarhóli Nýja testamentisins að valdaminni einstaklingur fyrirgefi þeim valdameiri. Nema þá valdastaðan milli þeirra breytist.

### Hjálpar ekki alltaf

Þá er valdastaða Jesú innan guðspjallanna breytileg. Dæmi um það er þegar Jesús segir við bersyndugu konuna: Syndir þínar eru fyrirgefnar (Lúk 7:48). Þá er hann valdamikill. Sú valdastaða er gjörbreytt þegar búið var að negla hann á kross. Hinn krossfesti Jesús biður Guð að fyrirgefa þeim sem krossfestu hann. Hann segir ekki: Syndir ykkar eru fyrirgefnar, heldur vísar því til þess sem valdið hefur. „Faðir, fyrirgef þeim því að þeir vita ekki hvað þeir gjöra“ (Lúk 23:34). Jesús er ekki í aðstöðu til að fyrirgefa niðurlægður og negldur á kross: Guð einn hefur vald til þess.

Þetta líkan fyrirgefningar sem blasir við okkur í Nýja testamentinu finnum við einnig þar sem talað er um fyrirgefningu milli manna. Hún er aðeins möguleg að uppfylltum vissum skilyrðum. Þau eru að sá sem fyrirgefur verði að vera valdameiri eða að minnsta kosti jafnoki þess sem fyrirgefninguna á að fá. Páll postuli hvetur til fyrirgefningar í Síðara Korintubréfi en hvergi hvetur hann til þess að valdaminna fólk fyrirgefi þeim valdameiri: Fyrirgefning er einungis möguleg milli jafningja.

Er þetta fyrirgefningarlíkan Nýja testamentisins gagnlegt í dag? Ég tel það. Sérstaklega held ég að þeir sem vinna með einstaklingum sem brotið hefur verið á, svo sem þolendum ýmiss konar ofbeldis, andlegs, líkamlegs og kynferðislegs, geti haft visst gagn af því að styðjast við það. Valdasjónarmið þau sem koma fram í því eru þrátt fyrir allt alls ekki fjarri okkar veruleika. Öll tengsl okkar við annað fólk eru valdatengsl ef því er að skipta. Í ofbeldisaðstæðum nær annar aðilinn valdi yfir hinum og í krafti þess valds getur hann beitt ofbeldi. Að losna undan sálrænu valdi persónu sem hefur meitt mann og sært er mjög erfitt og tal um fyrirgefningu hjálpar ekki alltaf í þeim aðstæðum. Ef gerandinn hvorki viðurkennir verknað sinn né reynir að bæta fyrir brot sitt skyldum við, með vísan í Nýja testamentið, sleppa öllu tali um fyrirgefningu. Þótt fyrirgefningin sé okkur kristnum kær er hún ekki alltaf svarið.

**➜ Að komast undan sálrænu valdi persónu sem hefur meitt mann og sært er mjög erfitt og tal um fyrirgefningu hjálpar ekki ...**




Outlander kostar frá
6.190.000 kr.
Intense 4x4, bensín, sjálfskiptur

HANNAÐUR FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

**Nýr fjórhjóladrifinn Mitsubishi Outlander** er ríkulega búinn staðal- og þægindabúnaði sem ásamt nýrri tækni eykur öryggi og veitir þér nýja akstursupplifun. Má þar nefna hraðastilli með fjarlægðarskynjara, akreinavara og árekstrarvörn sem allt er staðalbúnaður í grunngerðinni Intense.

MITSUBISHI MOTORS

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Aðgerðir í þágu nýsköpunar og nýfjárfestingar

**NÝSKÖPUN**



**Steingrímur J. Sigfússon**
atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra

Fjölbreyttar aðgerðir undanfarin ár til stuðnings nýfjárfestingu og nýsköpun sýna að margt hefur áunnist í þeim málaflokkum. Hér að neðan hef ég tekið saman stuttan en langt í frá tæmandi lista yfir aðgerðir sem núverandi ríkisstjórn hefur ráðist í í þessum málaflokki. Og eftir stendur spurningin; Fyrst þessi ríkisstjórn gat áorkað þessu í þeirri þröngu stöðu sem hún var í eftir efnahagshrunið – af hverju komu fyrri ríkisstjórnir ekki meiru í verk þegar staða ríkissjóðs var allt önnur og betri? Við því eru til fá svör.

**Tökum nokkur dæmi:**

**1.** Lög um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi hafa breytt umgjörð um nýfjárfestingar í atvinnulífinu og þau munu nýtast fyrir fjölbreytileg minni og meðalstór ekki síður en stór fjárfestingarverkefni, jafnt innlendra sem erlendra aðila. Meðal samninga um fjárfestingarverkefni sem búið er að gera á grundvelli þessara laga má nefna stækkun aflþynnuverksmiðju Becromal á Akureyri, stálendurvinnslu GMR á Grundartanga og gagnaver Verne á Ásbrú.

**2.** Lög um skattaívilnanir eða beinar endurgreiðslur rannsóknar- og þróunarkostnaðar í sprotafyrirtækjum hafa sannað sig svo um munar. Nú fer í hönd þriðja árið og hefur umfangið vaxið jafnt og þétt. Reiknað er með að umtalsverðir fjármunir fari í skattaafslætti eða endurgreiðslur, sem er beinn stuðningur við rannsókna- og þróunarstarf í sprota- eða nýsköpunarfyrirtækjum.

**3.** Allir vinna átakið, sem gengur út á 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts á vinnu við endurbætur á íbúðarhúsnæði og húsnæði í eigu sveitarfélaga hefur hleypt auknum þrótti í byggingariðnaðinn og auk heldur komið þessum viðskiptum betur upp á yfirborðið.

**4.** Markaðsátökin Inspired by Iceland, sem hrundið var af stað í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli, og Ísland allt árið, sem gengur út á að lengja ferðamannatímabilið á Íslandi, hafa sannað gildi sitt. Og galdurinn á bak við velgengni beggja verkefnanna er sá að hér tóku saman höndum stjórnvöld og fyrirtækin sjálf í greininni.

**5.** Framkvæmdasjóður ferðamála var settur á stofn gagngert til að lyfta grettistaki í uppbyggingu aðstöðu og vernd náttúru við helstu ferðamannastaði á landinu en einnig til að fjölga vinsælum ferðamannastöðum. Á næstu þremur árum verða settar 500 milljónir á ári í þennan sjóð.

**6.** Lög um jöfnun flutningskostnaðar fela í sér mikilvægan stuðning við framleiðsluiðnað og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni.

**7.** Sóknaráætlanir hafa verið gerðar fyrir hvern landshluta og ganga þær út á að meta styrkleika hvers svæðis og hvernig best verði staðið að atvinnuuppbyggingu. Heimamenn sjálfir forgangsraða verkefnum og verður umtalsverðum fjármunum varið í þessi verkefni á næsta ári.

**8.** Fjárfestingaráætlun sem nýlega hefur verið kynnt markar alger tímamót og setur nýjar áherslur í nýsköpun og atvinnuþróun. Stærra skref hefur ekki verið stigið í þeim efnum um árabil.

**9.** Mótuð hefur verið aðgerðaáætlun um eflingu verk- og tækninnáms á framhaldsskóla- og háskólastigi.

**10.** Frá stofnun Tækniþróunarsjóðs og Rannsóknarsjóðs hefur aldrei fyrr verið lögð jafnmikil áhersla á eflingu þeirra eins og nú, enda gegna þeir lykilhlutverki í framþróun atvinnu- og efnahagslífsins. Samkvæmt fjárfestingaráætlun er gert ráð fyrir miklu viðbótarfjármagni til þessara sjóða.

**11.** Nýstofnsettur Verkefnasjóður fyrir skapandi greinar mun verða veigamikill stuðningur fyrir verkefni þar sem saman fer listrænn sköpunarkraftur og nýsköpun í atvinnulífinu og þar eru svo sannarlega mörg tækifæri.

**12.** Grænn fjárfestingarsjóður verður settur á laggirnar, en tilgangur hans verður að efla stoðir Græns hagkerfis, sem snýst um sókn í atvinnu- og efnahagsmálum þar sem umhverfisvænar lausnir leysa þær hefðbundnu af hólmi.

Sem sagt, heilmiklu hefur verið áorkað samhliða glímunni við beinar afleiðingar hrunsins á þessu kjörtímabili.

**→ Fjárfestingaráætlun sem nýlega hefur verið kynnt markar alger tímamót og setur nýjar áherslur í nýsköpun og atvinnuþróun.**

## AF NETINU

### Valitor-greifi aðlaður



Höskuldur H. Ólafsson bankastjóri er dæmigerður fyrir óstand íslenzkra fjármála. Hann var forstjóri Valitor árin, sem bófafélagið braut samkeppnislög ítrekað á umsvifamikinn hátt. Forstjóri síbrotafélagsins var verðlaunaður með bankastjórn Arion banka. Menn ættu að hafa þetta bakvið eyrun, þegar þeir blaðra um, að nú þurfi að hætta að glápa í baksýnisspegilinn. Við þurfum einmitt að BYRJA að sjá í hann. Sjálfstæðis og Framsókn munu ekki bæta stöðuna neitt. Þvert á móti munu þessir pólitísku bófaflokkar stöðva málaferli. Samfylkingin og Vinstri grænir munu ekkert gera hér eftir sem hingað til. Öllum fjórflokknum þarf að sópa burt.

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*



# Flokkur heimilanna vill færa þeim nýja von

STJÓRNMÁL



**Halldór Gunnarsson**
talsmaður Flokks heimilanna

Flokkur heimilanna vill heiðarlegt og gegnsætt uppgjör við fortíðina og hrunið og aðdraganda þess. Hann vill vera flokkur samhygðar, réttlætis, jafnræðis og frelsis. Hann er flokkur allra heimila landsins og stendur vörð um hag og hagsæld hvers heimilis. Flokkurinn ætlar að tryggja flýtimeðferð allra dómsmála er varða skuldir heimilanna og koma fram með sanngjarnar lausnir.

Flokkur heimilanna vill að lög verði sett um flýtimeðferð dómsmála er varða lán og vexti lánastofnana, þannig að lögleg staða allra lána komi fram sem fyrst. Þegar sú staða er ljós, verði tekið á skuldalækkun með úrræðum handa öllum þeim sem tóku verðtryggð lán, til jafns við leiðréttingu gengislána. Vegna almenns forsendubrests sem hrunið olli verði höfuðstóll allra lána lækkaður, a.m.k. til jafns við verðmæti þeirra eigna sem þau hvíla á, og litið til þess hvenær lánin voru tekin. Þessar aðgerðir skulu vera almennar en ekki sértækar. Stöðva ber uppboð húseigna, heimila, bújarða og minni fyrirtækja uns niðurstaða dómsmála liggur fyrir. Ólögmæt eignaupptaka skal bætt og settar opinber reglur um bætur til þeirra sem misst hafa eignir ólöglega. Afnema skal verðtryggingu nýrra húsnæðislána, breyta lánakerfinu og efla eignamyndun heimila og minni fyrirtækja. Festa ber gengi krónunnar og frysta um leið vísitölu verðtryggðra lána til heimila og minni fyrirtækja, uns niðurstaða dómsmála liggur fyrir. Boðið skal upp á ný óverðtryggð löng íbúðalán, einnig til uppgjörs eldri lána. Samsvarandi ný lán til bænda og minni fyrirtækja skulu tryggð. Skuldir Íbúðalánasjóðs á að gera upp. Aðgerðir til stuðnings fólki sem fyrir mestum eignamissi hefur orðið hafa forgang. Bæta ber stöðu aldraðra og öryrkja með óskertum ellilífeyri, auk eftirlauna.

### Hagur lands og þjóðar

Efnahagslegur stöðugleiki skal tryggður. Þrengja ber reglur um útgreiðslur úr gömlu bönkunum og til erlendra aðila og leggja útgönguskatt á þær ógnarupphæðir. Endurskoða þarf starfsheimildir lánastofnana með nýrri lagalegri umgjörð, og tryggja við samkeppni milli þeirra. Endurskoða þarf lög um Seðlabankann. Aðgengi að alþjóðlegum mörkuðum er ómissandi. Halda ber þannig á hagstjórn að unnt sé að taka upp nýjan gjaldmiðil eða tengja krónuna við alþjóðlegan gjaldmiðil. Þá ber að lækka skatta og endurskoða lífeyrissjóði og bótakerfi. Skattkerfið skal einfaldað og stimpilgjöld aflögð. Stuðla skal að lækkun tolla með fríverslun. Líta ber til fleiri kosta en stóriðju um nýtingu á orkuauðlindinni með hag almennings að leiðarljósi og nýta orku fallvatna af ábyrgð. Landsvirkjun verður ekki seld. Virkja ber jökulvötn fremur en bergvatnsár og forðast að færast svo mikið í fang, að valdi þenslu í efnahagslífinu. Stuðla skal að því að neytendur á Íslandi njóti alþjóðlegrar samkeppni. Skoða ber sérstakan skatt á fyrirtæki sem starfa í fákeppni eða skipta stærstu félögum á neytendamarkaði upp í smærri einingar, sem verði í höndum ótengdra aðila.

**➜ Von heimilanna er fólkið sjálft, sem verður að rísa upp. Við verðum að breyta störfum Alþingis og reisa Ísland við.**

Von heimilanna er fólkið sjálft, sem verður að rísa upp. Við verðum að breyta störfum Alþingis og reisa Ísland við. Flokkur heimilanna mun ganga markvisst til verks.

# Oddný í Undralandi

MENNTUN



**Ásta Kristrún Ólafsdóttir**
sálfræðingur, kennari og foreldri barns með þroskahömlun

Í grein sinni „Baráttan gegn aðgreiningu“ reynir Oddný Sturludóttir að útskýra hvers vegna það sé í lagi að þvinga þroskahömluð börn í almennan skóla og meina þeim þátttöku í samfélagi jafningja í sérskólanum.

Oddný virðist trúa því að það sé betra fyrir öll börn, alls staðar, á öllum stundum og undir öllum kringumstæðum að vera í almenna skólanum enda muni skóli án aðgreiningar „fjarlægja hindranir“.

Það sem hindrar barn með þroskahömlun í að læra og þroskast eins og önnur börn er greindarskerðing sem er í barninu sjálfu. Skólinn getur ekki fjarlægt þær hindranir.

Oddný segir að með skóla án aðgreiningar sé unnið markvisst gegn einsleitni, mismunun og einangrun. Það er þá væntanlega þáttur í þeirri vinnu að loka sérskólanum fyrir hópi þroskahamlaðra barna (mismunun) og neyða þau í almenna skólann þar sem þau sitja meira og minna ein með kennara í námsveri (einangrun), taka völdin af foreldrum til að velja fyrir börn sín (yfirgangur og forræðishyggja) og gefa ekkert eftir þótt foreldrar grátbiðji um miskunn fyrir barn sem þjáist í almenna skólanum (ofbeldi), einmana og einangrað.

### Illa upplýst

Oddný lætur að því liggja að vanlíðan einstakra þroskahamlaðra barna í almenna skólanum sé nauðsynlegur fórnarkostnaður, líkt og ástarsorg geti fylgt því að elska. Hún hreykir sér af því að hún muni ekki gefa neinn afslátt af viðhorfum sínum og gæti því rétt eins sagt: „Skítt með lífshamingju barnanna, ég ræð“. Ég held þó ekki að Oddný sé vond manneskja, bara illa upplýst í þessum efnum.

Vanþekking hennar á þroskahömlun lýsir sér í fullyrðingum hennar um að „normalt“ barn sé ekki til og verði aldrei til en aftur á móti séu öll börn sérstök. Þá er það nánast móðgun þegar hún hvetur sveitarfélögin til að vera duglegri að styðja við skóla án aðgreiningar á sama tíma og fjármagn til námsstuðnings er skorið niður. Loks hvetur hún til umræðu, en varar við „hættulegri“ gagnrýni á stefnuna um skóla án aðgreiningar.

Við sem höfum barist fyrir jöfnum rétti þroskahamlaðra barna til að ganga í sérskóla og rétti foreldra til að velja höfum aldrei lýst þeirri skoðun að skóli án aðgreiningar væri af hinu vonda. Þvert á móti. Að sjálfsögðu eiga allir rétt á að ganga í almennan skóla. Ef foreldrar telja hins vegar hag barni sínu betur borgið í sérskóla eiga þeir að geta valið þann kost.

Ef foreldrum verður leyft að velja fyrir börn sín er auðvitað hætta á að Íslendingar geti ekki lengur gortað af fámennasta sérskóla á Vesturlöndum eða af því að vera öfunduð fyrirmynd annarra þjóða. Oddnýju virðist þykja svolítið varið í þetta tvennt. Siðmenntuð stjórnvöld hljóta þó að leggja metnað sinn í að gera vel við viðkvæmustu þegna landsins og setja vellíðan og velferð fatlaðra barna ofar pólitískum hégóma.

**➜ Að sjálfsögðu eiga allir rétt á að ganga í almennan skóla. Ef foreldrar telja hins vegar hag barni sínu betur borgið í sérskóla eiga þeir að geta valið þann kost.**

Ef Oddný velur að stíga út úr Undralandinu og afla sér þekkingar erum við foreldrar fatlaðra barna í sérskólahópnum tilbúin að ræða málin við hana ef hún vill heyra það sem við höfum að segja. Ég á þó síður von á því. Því miður.




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

*Ford Fiesta Trend 5 dyra, 1,0i bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 99 g/km., fær frítt í stæði í Reykjavík í 90 mín. í senn.
Miðað er við grænan óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 900.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,66%.
Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

**Hávaði á tónleikum, diskótekum, akstursíþróttasvæðum, frá vélsögum, vasadiskóum, leikföngum og flugeldum veldur oft heyrnarskaða. Í reglugerðum er að finna ákvæði um hávaða á vinnustöðum, hönnun húsa varðandi hljóðvist þeirra og um hávaðamörk utanhúss.**


Er rakastigið of hátt?
VIFTUR
hljóðlátar - öflugar - rakastýrðar
íshúsið
kæling | loftræsting | hitun
www.viftur.is

friendtex
ÚRVAL AF FLOTTUM FATNAÐI MEÐ STÓRLÆKKUÐU VERÐI
REGNJAKKAR 5.900.
FULLT AF GÓÐUM TILBOÐUM !
DÆMI:
ÖLL BARNAFÖT SELD MEÐ 50-70% AFSL
BUXUNATILBOÐ 2. STK KR. 5.000.-
BOLIR,PEYSUR,BUXUR,JAKKAR
SUMARIÐ ER ALVEG AÐ KOMA
FÁIÐ NÝJA VÖRULISTANN Í VESLUN OKKAR
opnunartími mánud-föstud. 11-17 laugard.11-15
Bonito ehf. Friendtex - Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is







**NÆRIR LÍKAMA OG SÁL** Nokkrar tegundir próteindrykkja eru í boði, eftir því hvaða markmið einstaklingur setur sér. Hvort sem það er þyngdarstjórnun, vöðvauppbygging, endurhleðsla eða bara almennt holt og gott mataræði henta GOOD-vörurnar vel fyrir líkama og sál.

# NÁTTÚRULEG FÆÐUBÓT FRÁ GOOD

**SÚPERSPORT KYNNIR** *GOOD-fæðubótarefnin eru náttúruleg fæðubótarefni unnin úr hampjurtinni með kaldvinnsluaðferð sem tryggir hámarks næringargildi. Hampurinn er ræktaður án arfaeyðis og skordýraeiturs.*

Árangur okkar í líkamsræktinni og lífinu almennt snýst að miklu leyti um það sem við látum ofan í okkur. GOOD-hampprótein er frábær lausn fyrir þá sem kjósa yfirburðanæringu í dagsins önn eða í kringum æfingar," segir Hákon Örn Ómarsson, einn eigenda Súpersports sem er umboðsaðili GOOD Hemp Nutrition á Íslandi.

Hampprótein inniheldur allar amínósýrur frá náttúrunnar hendi, er ríkt af omega fitusýrum og mjög trefjaríkt. „Próteinið frá GOOD er án aukaefna, sykurs, laktósa, kólesteróls, glútens og er auðmeltanlegt. Þetta hentar því flestum og er fullkomið fyrir þá sem tileinka sér Paleo-lífsstílinn. Við erum með nokkrar tegundir próteindrykkja, allt eftir því hvaða markmið einstaklingur setur sér." Hvort sem það er þyngdarstjórnun, vöðvauppbygging, endurhleðsla eða bara almennt holt og gott mataræði fyrir líkama og sál henta GOOD-vörurnar vel."

Hampfræolía er einnig á boðstólnum ásamt krydduðum og ókrydduðum hampfræjum. „Olían er bragðgóð og með hnetukeim. Hún er notuð eins og hver önnur matargerðarolía og inniheldur tuttugu sinnum meira af Omega-3 en ólífuolía. Rannsóknir hafa sýnt að hún reynist vel við ýmsum húðvandamálum eins og psoriasis og exemi."

Hampfræin frá GOOD fást hrein eða með kryddblöndum og innihalda þrjátíu prósent prótein. „Þau eru góð út á salatið eða í hafragrautinn. Í fyrra hlutu fræin SIAL Innovation-verðlaunin en líkja mætti þeim við Óskarsverðlaun matvælaheimsins."

Á mánudögum og fimmtudögum býður Súpersport upp á fría næringarráðgjöf frá næringarráðgjafa. „Hann leiðbeinir fólki með mataræði sem hentar hverjum og einum og setur upp plön sem hægt er að fylgja. Ég mæli hiklaust með því að fólk líti til okkar og nýti sér þessa þjónustu, enda er holt og gott mataræði undirstaða andlegrar og líkamlegrar vellíðunar."

Verslun Súpersport er í Álfheimum 2-4 en vefverslun og ýmsan fróðleik má finna á heimasíðunni www.supersport.is og á Facebook undir Súpersport.



**OLÍA OG FRÆ**
***Hampfræolían frá GOOD er bragðgóð með vott af hnetukeim og er notuð eins og hver önnur olía við matargerð. Hampfræin frá GOOD fást hrein eða með kryddblöndum og eru tilvalin í salatið eða í hafragrautinn.***


iittala
Gjöf handa þér og þínum
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427



**Yogavin**
**SUMARTILBOÐ 2 FYRIR 1**
**Byrjendanámskeið hefst 22. mars**
**Krakkayoga hefst 19. apríl**
**Yoga í fjallasal kynning 30. apríl**
**Yoga kennaranám hefst 15. ágúst**
Ásta Arnardóttir • Yogavin, Auðbrekku 2
s: 862 6098 • www.this.is/asta • asta@this.is




Allar nánari upplýsingar á www.jsb.is
og í síma 581 3730

Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar.

**Viltu gerast vinur JSB?**
Danslistarskóli JSB er á facebook

JSB DANSLISTARSKÓLI

# EKKI SKAL SLÆVA BÖRN FYRIR FLUG

**FERÐALÖG** *Sumir bandarískir foreldrar hafa gripið til þess ráðs að gefa börnum sínum slævandi lyf fyrir langar flugferðir svo þau sofi og verði til friðs. Ekki er ráðlegt að gera slíkt að sögn Michaels Clausen barnalæknis.*

Það ráð er þekkt meðal bandarískra foreldra að gefa ungum börnum ofnæmislyf eða hóstamixtúrur fyrir löng ferðalög. Slík lyf eru slævandi sem gerir það að verkum að börnin verða í flestum tilvikum syfjuð. Frá þessu er sagt í grein á vefsíðu BBC. Blaðamaðurinn Regan Morris kafar þar ofan í nokkrar spjallsíður bandarískra foreldra sem deila ýmsum ráðum, til dæmis hvernig þeir nýti sér áðurnefnd lyf til að gera ferðalög bærilegri fyrir sig, barnið og samferðalanga. Eins og gefur að skilja eru afar skiptar skoðanir á þessum aðferðum.

Bandarísku barnalæknasamtökin eru afar mótfallin því að börn séu róuð með þessum hætti en að sögn sumra foreldranna á spjallsíðunum hafa einstaka barnalæknar létt að þeim þessu ráði.

Michael Valur Clausen barna- og ofnæmislæknir segist hafa heyrt af því að foreldrar erlendis sækist eftir lyfjum en segist ekki kannast við að íslenskir foreldrar hafi gripið til þessara ráða á löngum ferðalögum. „Ég man bara eftir því einu sinni á mínum ferli að beðið hafi verið um lyf fyrir barn sem var mjög kröftugt og foreldrarnir höfðu miklar áhyggjur af því að fara í flug,“ upplýsir Michael en segir að vissulega hafi sumir foreldrar áhyggjur af því að börn sín gráti í flugtaki og lendingu. Hann telur hins vegar að Íslendingar hafi almennt minni áhyggjur af því að börn þeirra trufli fólk. „Ég hef oft verið í flugi þar sem börn hafa grátið í flugtaki og lendingu og Íslendingar missa sig ekki yfir því. Ég hef hins vegar einnig verið að fljúga annars staðar í heiminum þar sem allt hefur farið í háa loft út af grátandi börnum,“ segir hann og bætir við að fólk verði að sýna skilning. „Við þurfum að sjálfsögðu að skilja að ef einhver grætur þá er það vegna þess að honum líður illa en ekki vegna óþekktar.“

Micheal segir lækna alls ekki hrifna af að skrifa út sljóvgandi lyf í þeim eina tilgangi að hafa börnin róleg í flugi. Hann segir allt öðru máli gegna þegar börn þjáist af ferðaveiki, verði bílveik, flugveik og kasti upp. „Þá skrifum við upp á lyf. Þau lyf hafa reyndar þá hliðarverkun að vera sljóvgandi og börn verða því oft þreytt af þeim. Hins vegar reynir maður að skammta lyfin þannig að börnin fái ekki ógleði en séu samt vakandi og glöð.“

Michael segir lækna hrædda við að gefa börnum sljóvgandi lyf þar sem þau geti í sumum tilvikum haft gagnstæð áhrif. „Krakkinn sem átti að verða sljór verður mjög hress og þá fer allt í háa loft,“ segir hann. Þá bætir hann við að síst af öllu eigi fólk að vera með tilraunastarfsemi á lyfjagjöf í háloftunum því langt sé í hjálp ef eitthvað kemur fyrir.

■ **solveig@365.is**



**Á FLUGI** Afar þægilegt er þegar börn sofa í flugferðum. Hins vegar ætti ekki að nota ofnæmislyf eða hóstamixtúrur til að ná því markmiði.
NORDICPHOTOS/GETTY



**MICHAEL VALUR CLAUSEN**
Barna- og ofnæmislæknir.

**ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR**




**Sölustaðir:**
Apótek Hafnarfjarðar og Garðabæjar
Apótek Ólafsvíkur
Austurbæjarapótek
Árbæjarapótek
Femin.is
Garðs Apótek
Heimkaup.is
Lyfja
Lyfjaval
Lyfjaver
Reykjavíkurapótek
Rima Apótek
Urðarapótek

Baby Foot
FOR SOFT AND SMOOTH FEET

Vissir þú að...
Foreldrar bera megin ábyrgð á að stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# NORÐURKRILL

**NORÐURKRILL er eitt hreinasta og öflugasta form af OMEGA 3-fitusýrum. Unnið úr botnsjávardýrinu krill sem er veitt við ómengað Suðurskautið.**

Aðeins þarf 1-2 hylki á dag til að mæta dagsþörfinni og það er ekkert eftirbragð, uppþemba eða magaólga sem oft fylgir inntöku á fiski- og jurtaolíum.






## Betri einbeiting og betri líðan

Þegar maður rekur sitt eigið fyrirtæki, er í fullu fjarnámi og á auk þess tvö ung börn, þá skiptir öllu máli að heilinn virki rétt og vel. Ég byrjaði að nota Norðurkrill fyrir fjórum mánuðum og fann nánast strax mun á mér. Einbeitingin varð betri auk þess sem ég varð vör við mjög jákvæð áhrif á lesblinduna hjá mér. Fyrir utan skarpari einbeitingu líður mér allri betur líkamlega og andlega.

Það skiptir mig miklu máli að Omega 3 í Norðurkrill sé hreint og ómengað og eftir að hafa prufað þó nokkuð margar tegundir af Omega 3 olíum get ég fullyrt að Norðurkrill er besta Omgea 3 olía sem ég hef notað.

Ég hvet alla þá sem vilja skerpa á minni og einbeitingu að taka inn Norðurkrill. Heilinn í okkur verðskuldar aðeins það besta.

*Jóhanna S. Hannesdóttir,*
*þjóðfræðinemi og eigandi Sunnlenska.is*

Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is

Fæst flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

PRENTUN.IS

# GRÆNIR BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 16. APRÍL 2013 | **Kynningarblað** Reynsluakstur, endurkoma langbaksins, innkallanir Toyota, Olís stígur grænt skref.



Ný lína vöruflutningabíla MAN uppfyllir EURO 6 mengunarstaðalinn, sem ekki tekur gildi fyrr en í september 2014.

# Sportast um á 40 tonna flutningabíl

Hver myndi ekki vilja sitja undir stýri bíls með vél sem togar 2.300 Nm og er 480 hestöfl? Hver myndi heldur ekki vilja aka bíl sem borið getur 40 tonn fullhlaðinn? Þá fer maður reyndar ekki mjög hratt þótt hestöflin séu mörg. Sú upplifun að aka vörubílum er afar skemmtileg og um leið upplýsandi um starf margra. Heimsókn til MAN, eins af stærri vörubíla-, flutningabíla-, og rútuframleiðendum heims er mikil upplifun og er sú framleiðsla gerólík venjulegri bílaframleiðslu og kaupendahópurinn kannski enn þá ólíkari. Höfuðstöðvar MAN eru í München í Þýskalandi og þar fer einnig mikil framleiðsla fram þó svo verksmiðjur MAN megi finna víðar. Hjá MAN starfa 51.500 manns, svo um er að ræða gríðarstórt fyrirtæki. MAN, eins og öðrum þýskum ökutækjaframleiðendum, gengur mjög vel þessa dagana og hefur aukið markaðshlutdeild sína í Evrópu frá 14% árið 2007 og upp í 17% í fyrra. Um 65% framleiðslu MAN eru seld í Evrópu en 35% í öðrum heimsálfum. Það mun þó örugglega hratt breytast því í áætlunum MAN segir að innan fárra ára muni 50% framleiðslunnar seljast utan Evrópu. Er það ef til vill til marks um þau efnahagslegu vandræði sem hrjá Evrópu nú um stundir, en einnig mikla framsækni MAN og áræðni að taka enn meira þátt í hraðri uppbyggingu á öðrum markaðssvæðum. Mjög stórir og vaxandi markaðir hjá MAN eru í Rússlandi, Kína og Brasilíu og mjög er horft til þessara landa af forsvarsmönnum MAN.

## Allar stærðir flutningabíla prófaðar

Bílablaðamanni Fréttablaðsins og visir.is bauðst að aka hvaða stærð sem var af flutningabílum MAN í heimsókn sinni þar og aka á prufuakstursbraut í eigu MAN, rétt hjá höfuðstöðvunum. Það var alveg sérstök lífsreynsla, ekki síst fyrir þær sakir að blaðamaður hafði aldrei áður ekið flutningabíl og aðeins einu sinni tekið lítillega í rútu á ævinni. Byrjað var á minnsta flutningabílnum og svo farido upp upp um stærðarflokk hægt og rólega uns kom að flutningabíl sem fullhlaðinn vegur 40 tonn. Þessir bílar eru sannarlega mögnuð tæki og akstur þeirra um svo margt frábrugðinn akstri bíla. Allar hreyfingar eru hægar, fjöðrun mjúk og slaglengd löng. Athygliverðast var að finna við akstur lengsta og stærsta bílsins að ójöfnur sem farið var yfir skiluðu sér frá afturöxlinum löngu eftir að farið var yfir og áhrifin í stýrishúsinu áttu sér stað miklu seinna. Ekki þarf reyndar mikla ójöfnu til að ökumannssætið gangi upp og niður og þá skilur maður fyrst af hverju þau eru á þessum frábæru pumpum sem lyfta ökumanni þægilega upp og niður eftir hreyfingum bílsins. Ekki er hægt að aka þeim mjög grimmilega, heldur silast áfram, byggja hægt upp hraða og fara ekki of greitt í beygjur. En það er samt ótrúlega gaman og voldugt að stjórna svo gríðarlegu tæki sem þessir bílar eru. Athyglivert var að sjá hve vel búnir stjórnklefarnir eru í þessum bílum og til dæmis þarf ansi gott hljóðkerfi í lúxusbíl til að slá út því kerfi sem hlustað var á í akstrinum. Í sumum þeirra eru tvö rúm fyrir aftan framsætin og þar fer örugglega vel um þá sem njóta. Finna má kælihólf fyrir mat og drykk og fjölmörg önnur stór geymsluhólf.

## Ný lína sem uppfyllir EURO-6 mengunarstaðalinn

Kynning MAN að þessu sinni var á nýrri línu flutningabíla sem uppfylla nú þegar EURO-6 mengunarstaðalinn, sem bílar sem seldir eru í dag þurfa ekki að uppfylla fyrr en í september árið 2014. MAN-verksmiðjan er þó tilbúin með slíka bíla og sýnir það glögglega hve hörðum höndum þar er unnið. Að auki hefur MAN tekist með þessum nýju bílum að minnka eyðslu þeirra allra um þrjá lítra á hundraðið og munar um minna ef horft er til hve marga kílómetra hver bíll leggur að baki á hverju ári. Í ferðinni var samsetningarverksmiðja vörubíla og flutningabíla heimsótt og þar vakti margt furðu. Til dæmis að engin suða á sér stað við smíði þeirra, þeir eru eingöngu boltaðir saman. Það tekur ekki nema sjö klukkutíma að setja saman hvern trukk, en til samanburðar tekur það gjarnan 30 klukkustundir að setja saman fólksbíl, sem þó er mörgum sinnum minni. Gæðakerfi innan verksmiðjunnar er greinilega í hæsta flokki og furðu margir sem eingöngu starfa við að prófa þá og skoða að allt sé fullkomlega unnið. Það vakti sannarlega öryggis- og gæðatilfinningu að heimsækja þessa verksmiðju.



Blaðamaður undir stýri MAN-flutningabíls í München.

Chevrolet Malibu REYNSLUAKSTUR


Chevrolet Malibu er stór og mikill fjölskyldubíll sem fríkkað hefur mjög með nýrri kynslóð hans.


Stór og góður snertiskjár.


Sérdeilis vönduð innrétting og mikill staðalbúnaður.



Stjórna má síma í stýrinu.


Flestir sjá í afturendann á Malibu.

# Voldugur og vel búinn ferðafélagi

Það er ekki oft sem bílablaðamenn eiga þess kost að aka reynsluakstursbílum um lengri vegalengdir á þremur dögum og er þá eins gott að ferðafélaginn sé góður. Það var einmitt raunin þegar Chevrolet Malibu fékk að rúlla tæplega 900 kílómetra í reynsluakstri og glímdi líka hressilega við beygjurnar í innanbæjarakstri. Það er ekki öllum bílum kleift að komast til Akureyrar og til baka, með heilmiklu snatti að auki, á einum og sama tankinum. Það gekk þó eftir á þessum dísildrifna Chevrolet Malibu, en þar fer ekki lítill bíll og því er þessi hóflega eyðsla eftirtektarverðari. Chevrolet Malibu er stór fjölskyldubíll þar sem rúmt er um alla farþega og skottrými mikið. Það sem einu sinni er jú framleitt fyrir Ameríkumarkað er ávallt stórt. Hann er tæplega fimm metrar á lengd og ríflega eitt og hálft tonn. Hann er nú boðinn af áttundu kynslóð en Malibu sá fyrst dagsljósið árið 1964 og hafa síðan selst um tíu milljón eintök, mest af því á heimavelli í Bandaríkjunum.

## Evrópubúar kjósa dísilvélina

Chevrolet Malibu er stæltur á velli og með laglega formuðum línum og stærð sinni kallar hann fram heilmikil áhrif ásjáenda, þar er sko engin púdda á ferð heldur fullvaxinn glæsivagn. Ytra útlitið kallast bæði á við litla bróðurinn Cruze sem og kraftakaggann Camaro og er þar ekki leiðum að líkjast. Chevrolet Malibu býðst hér á landi með annaðhvort 2,4 lítra bensínvél eða 2,0 lítra dísilvél. Bensínvélin er 167 hestöfl en dísilvélin 160. Hún togar miklu meira en bensínvélin, 350 Nm í stað 225 Nm og er þrátt fyrir talsvert minna sprengirými mun öflugri. Dísilvélin líkaði mjög vel í þessum bíl, hún gerir hann ekki að neinni spyrnukerru en er hæfilega stór fyrir hann til þess að skila lágri eyðslu og það sannarlega gerði hann. Uppgefin eyðsla bílsins er 6,0 lítrar, en 8,0 lítrar fyrir bensínbílinn. Í reynsluakstrinum öllum skaut bíllinn mjög nærri uppgefinni eyðslu en hafa verður í huga að mikið af akstrinum var á þjóðvegum. Það er til marks um hversu vélin er þó öflug að vart var sú brekka á þjóðvegunum sem krafðist þess að bíllinn skipti sér niður til að hafa afl til klifursins og ekki var þó hóflega farið. Það er kannski ekki nema von að Chevrolet-menn búast við því að 90% allra seldra Malibu-bíla í Evrópu verði með dísilvélinni. Ekki heyrist mikið í henni, en helst þá þegar hún er í lausagangi en í langkeyrslu má vart greina frá henni hljóð. Þessi vél er ein aflmesta vél sem framleidd er með tveggja lítra sprengirými og nýtur hún aðstoðar forþjöppu. Hún virðist í alla staði mjög vel lukkuð. Er þessi sjálfskipting að sama skapi ljúf og skilar sínu hnökralaust. Við hana er tengd 6-gíra sjálfskipting og sama á við bensínbílinn. Er þessi sjálfskipting að sama skapi ljúf og skilar sínu hnökralaust, nema að einu leyti. Beinskipta má þeim báðum í DSC-stillingunni, en það er ekki svo auðvelt vegna afstöðu skiptistangarinnar þannig stilltrar.

## Fer afar vel með farþega

Akstur bílsins var allur hinn ánægjulegasti, hann hefur fínasta veggrip, er léttur, nákvæmur og þægilegur í stýri og fer vel í beygjur þó hann eigi samkeppnisbíla frá Þýskalandi sem gera það enn betur. Þeir kosta líka miklu meira. Eitt það albesta við Malibu er hversu hljóðlátur hann er að innan og virðist ákaflega vel hljóðeinangraður. Þetta gefur bílnum mikinn klassa og langra ferða er fyrir vikið notið betur. Annað ákaflega skemmtilegt við hann er mjög gott Premium-hljóðkerfi með níu hátölurum. Það fer vel á því að hafa svo gott kerfi í stórum fjölskyldubíl sem góður er til ferðalaga og var þess notið vel. Eitt er það enn sem jók á ánægjuna í langakstri en það eru góð framsætin, rafstillanleg á allan hátt og með minni. Það besta við þau er þó að þau fara mjög vel með ökumann og farþega. Það vekar smá furðu að í svona stórum bíl eins og Malibu skuli ekki vera meira fótarými í aftursæti, en það er samt viðunandi.

## Vænlegur kostur á lágu verði

Chevrolet Malibu er mjög vel búinn bíll hvað staðalbúnað varðar og það á reyndar við um marga Chevrolet-bíla. Þessi bíll sem ekki kostar nema 5,3 milljónir í bensínútfærslunni og 5,9 með dísilvél er með staðalbúnað sem margur dýrari bíllinn skartar ekki og þarf yfirleitt að sérpanta. Bílabúð Benna býður bílinn aðeins í vel útbúinni LTZ-útfærslu. Þá er hann með leðursætum með hita og hliðarspeglarnir eru einnig hitanlegir. Regnskynjari, útvarpsstillingar í leðurklæddu stýri, Bluetooth-símabúnaður, aksturstölva, bakkskynjari, xenon-aðalljós, brekkuaðstoð og lyklalaust aðgengi er hluti staðalbúnaðar. Rúsínan í pylsuendanum er svo loftþrýstingsmælir fyrir alla hjólbarða, rafstýrð topplúga, tvískipt tölvustýrð miðstöð, aðfellanlegir hliðarspeglar og flottar 18 tommu felgur. Það er hreinlega erfitt að bæta nokkru við og algerlega ástæðulaust. Chevrolet Malibu er mjög ferskur kostur þegar kemur að D-stærðarflokki bíla og vandfundinn ódýrari bíll í þeim flokki, né betur búinn.


Skýrir og flottir mælar og einkar gott stýri.

**Chevrolet Malibu**

**2,0 dísilvél, forþjöppa, 160 hestöfl**
**Framhjóladrif**
**Eyðsla: 6,0** l/100 km í bl. akstri
**Mengun: 174** g/km $CO^2$
**Hröðun: 9,7** sek.
**Hámarkshraði: 210** km/klst
**Verð:** Frá **5.290.000** kr.
**Umboð:** Bílabúð Benna

**GALLAR**
Fótarými í aftursæti, fáir vélarkostir, erfitt að nota beinskiptimöguleika

**KOSTIR**
Mikill staðalbúnaður, lágt verð, lítil eyðsla

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

**Meirapróf**






ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
**Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737**
**Nýtt námskeið hefst 17. apríl**

# Landsbankinn kynnir græna bílafjármögnun

**Landsbankinn býður** betri kjör á fjármögnun á grænum bílum – 9,40% breytilegir óverðtryggðir vextir og ekkert lántökugjald.

Grænir bílar eru skilgreindir sem bílar með minnsta mögulegan útblástur sem eru flokkar **A**, **B** eða **C** og losa 0-120 g af koltvísýringi á hvern ekinn kílómetra.

9,40% vextir

Ekkert lántökugjald

Umhverfismál eru hluti stefnu bankans um samfélagslega ábyrgð. Viðskiptavinir Landsbankans eru ánægðustu viðskiptavinir banka samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

**Skilmála og nánari upplýsingar** má finna á landsbankinn.is eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Borgartúni 33.




**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# Endurkoma langbaksins

Nokkrir bílaframleiðendur sjá ljósið í enda ganganna og fer Volvo þar fremstur í flokki og spáir endurreisn langbaksins.



Volvo V60 langbakurinn, sem nú er farinn að seljast vel í Bandaríkjunum.

Áður en jepplingar og strumpastrætóar komu til sögunnar áttu bílakaupendur sem óskuðu aukins flutningsrýmis, umfram fólksbíla með venjulegu skotti, aðeins tvo kosti, að kaupa langbak (station) eða jeppa. Að sjálfsögðu hugnuðust jeppar ekki öllum og því voru langbaksbílar mjög vinsælir. Svo gerðist það á níunda áratugnum að kynntir voru bílar eins og Chrysler Voyager og Caravan, en þessum bílum hefur verið skipað í flokkinn „Minivan“ eða MPV (Multi Purpose Vehicle). Þessir bílar seldust eins og heitar lummur í Bandaríkjunum og víðar og japönsku framleiðendurnir fylgdu á eftir og allir fóru að framleiða strumpastrætó. Áttu þeir það flestir sameiginlegt að vera slakir akstursbílar með þyngdarpunktinn ofarlega og alltof þungir. Samt seldust þeir vegna þess að þeir voru stórir að innan. Einn evrópskur bíll sem auðveldlega gat talist í sama flokki var Volkswagen-rúgbrauðið, en framleiðsla hans átti sér miklu lengri sögu, eða frá 1950.

## Jepplingarnir koma

Síðan rann upp tími jepplinganna, bíla sem liggja mitt á milli fólksbíla og jeppa og eiga að sameina eiginleika beggja. Þetta er sá flokkur bíla sem vex hraðast nú. Tilkoma strumpastrætóanna og jepplinganna hafa sífellt hoggið markaðinn af langbökum, eða station-bílum eins og mörgum er tamt að nefna þá. Engu að síður er langbakurinn afskaplega sniðug hugmynd. Með honum er aksturseiginleikum fólksbílsins ekki fórnað en plássið er samt mikið. Þeir eru oftast jafn langir eða rétt aðeins lengri en skottútfærslur þeirra og örlítið þyngri, en í þá kemst miklu meiri farangur. Fyrir vikið eru þessir bílar eyðslugrennri en jepplingar eða MPV-bílar.

## Hagkvæmni langbaksins

Einn kosturinn enn við langbaka er að þeir eru í grunninn sami bíllinn og sedan-gerð þeirra og því kostar það bílaframleiðendur lítið að framleiða langbaksgerð að auki og gjarnan eru þetta vinsælustu bílgerðir heims og þróunarkostnaður því lítill á hvert framleitt eintak. Sem sagt langbakar bjóða jafnmikið rými og jepplingar eða MPV-bílar, engu er fórnað í aksturseiginleikum og þeir eru ódýrari. Virðist skotheld formúla, en samt fækkar kaupendum þeirra. Vafalaust er há sætisstaða í jepplingum og MPV-bílum og jeppum það sem mest hefur áhrif þar, því fátt annað er til skýringar. Vart er hægt að telja fjórhjóladrif hinna þeim til tekna umfram langbaka því marga þeirra má einmitt fá fjórhjóladrifna og margur jepplingurinn er aðeins framhjóladrifinn og flestir MPV-bílar líka.

## Duttu úr tísku en koma aftur

Langbakar hafa átt mun meira fylgi að fagna í Evrópu en Bandaríkjunum, en þar vestra er enn mjög hoggið í skörð þeirra. Sem dæmi þá minnkaði sala Mercedes Benz E-Class langbaksins í fyrra um 17,8% í Bandaríkjunum, Volvo XC70 um 16,5% og Honda TSX Sport Wagon um 34,2%. Þannig mætti lengi áfram telja. Engu að síður virðast nokkrir bílaframleiðendur sjá ljósið í enda ganganna og fer Volvo þar fremstur í flokki og spáir endurreisn langbaksins. Þar á bæ hafa menn trú á langbaknum, meira að segja fyrir Bandaríkjamarkað og ætla að stefna þangað bílum eins og V60 Sport Wagon og vafalaust fleirum í kjölfarið. Volkswagen Jetta SportWagen selst betur og betur vestra og kannski er fólk þar að átta sig betur á kostum langbaksins, lítilli eyðslu þeirra, hann er notadrjúgur og á lágu verði. Það má bara ekki kalla þá „station“ lengur, þeir verða að bera nöfn eins og Sport Wagon, hitt datt úr tísku.

> Langbakar hafa átt mun meira fylgi að fagna í Evrópu en Bandaríkjunum, en þar vestra er enn mjög hoggið í skörð þeirra.

# Getum ekki ábyrgst þessa bíla

Í gær auglýsti Elko sölu á Nissan Leaf rafbílum en að sögn sölustjóra BL er um að ræða bíla af eldri gerðum sem framleiddir eru fyrir Ameríkumarkað. Eðlilega getur BL ekki ábyrgst slíka bíla.



Ævi Nissan Leaf er ekki að kveldi komin eins og þessi dagur í Noregi.

Raftækjaverslunin ELKO auglýsti í gær Nissan Leaf rafbíla til sölu og afgreiðslu fyrir áhugasama viðskiptavini. Eðlilega kemur upp sú spurning hver ábyrgðin er á slíkum bílum. Spurður um ábyrgðina á þeim svaraði Skúli K. Skúlason, framkvæmdastjóri sölusviðs BL. „Já, það er rétt, við höfum fengið eitthvað af fyrirspurnum frá fólki sem sá auglýsinguna og spyr okkur hvort við munum sjá um verksmiðjuábyrgð á bílunum sem viðurkenndur umboðsaðili fyrir Nissan-bíla. Það er alls ekki víst að við gætum tekið að okkur vinnu sem snýr að verksmiðjuábyrgð Nissan Leaf-bílanna sem auglýstir voru af ELKO í gær. Eftir því sem við komumst næst er um að ræða bíla af eldri gerðum sem framleiddir eru fyrir Ameríkumarkað og við því ekki með neinn aðgang að gögnum sem nauðsynleg eru en við munum að sjálfsögðu fara að fyrirmælum framleiðanda verðum við beðin um það.

## Sala Nissan Leaf hefst brátt hjá BL

Við munum kynna í sumar nýja gerð af Nissan Leaf sem er framleidd í Evrópu fyrir N-Evrópumarkað með langdrægari rafhlöðum og sérstakan búnað sem auðveldar notkun bílsins á kaldari svæðum. Bílarnir sem við munum bjóða verða með þriggja ára verksmiðjuábyrgð eins og aðrir nýir bílar frá Nissan sem við seljum og síðan verðum við með átta ára ábyrgð á rafhlöðunni,“ sagði Skúli. „Nissan Leaf-bílarnir sem við fáum verða jafnvel á betra verði en ELKO er að auglýsa og við erum byrjaðir að taka við pöntunum á fyrstu bílana,“ sagði Skúli enn fremur. „Undirbúningur fyrir komu nýju Nissan-rafbílanna hófst með þjálfun starfsmanna á verkstæði sem hafa tekið þátt í ítarlegum undirbúningsnámskeiðum á vegum Nissan síðastliðna mánuði en eftir því sem við komumst næst hefur þjónustuaðili ELKO ekki hlotið neina þjálfun af þessu tagi,“ sagði Skúli að lokum.

> Það er alls ekki víst að við getum ábyrgst Nissan LEAF rafbílana sem ELKO er að auglýsa, sennilega um eldri ameríkugerðir að ræða.
>
> **Framkvæmdastjóri sölusviðs BL.**

# LEIÐANDI Í ORKUGJÖFUM

N1 er leiðandi þjónustuaðili í orkugjöfum á Íslandi. Markmið N1 er að vera í fararbroddi í sölu nýrra orkugjafa og þjónustu við vistvæn farartæki um landið allt. N1 hefur skýra umhverfisstefnu sem skuldbindur fyrirtækið til að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar með markvissum aðgerðum og stöðugu þróunarstarfi.

## BIODÍSEL

Biodísel er lífrænt, endurnýjanlegt eldsneyti sem er unnið úr t.d. repjufræjum, sólblómum og ýmsum lífrænum úrgangi. Notkun á biodísel dregur úr útblæstri koldíoxíðs um 2,5% á kg og eykur gæði hefðbundinnar díselolíu úr jarðefnum. Repja er fóðurrófa sem ræktuð er sem dýrafóður en repjuolía var algengt ljósmeti t.d. í Skandinavíu á 18. og 19. öld en vék síðan fyrir steinolíunni.

Hægt er að nota Biodísel á allar venjulegar díselvélar án þess að breyta þurfi þeim sérstaklega eða endurstilla þær á nokkurn hátt. Biodísel er í dag ódýrasti endurnýjanlegi orkugjafinn fyrir bíla. Vandalaust er að nota hreint Biodísel á bíla en erlendis er það jafnan blandað í venjulega díselolíu og þannig er það einnig notað hérlendis (5% íblöndun). Með íblöndun er stuðlað að því að gera Biodísel samkeppnishæft í verði á eldsneytismarkaðinum en viðhalda samt jákvæðum eiginleikum eldsneytisins.

Hvað hefur Biodísel fram yfir hefðbundnar díselolíu ?

- Biodísel mengar minna og smyr betur en venjuleg díselolía.
- Koltvísýringslosun minnkar verulega þegar Biodísel er notað í stað venjulegrar díselolíu.
- Minna brennisteinsinnihald.
- Biodísel myndar 94% minna af krabbameinsvaldandi efnum við bruna en venjuleg díselolía.
- Minna brennisteinsinnihald.
- Notkun Biodísel dregur verulega úr rykmengun frá útblæstri.
- Smurgeta venjulegrar díselolíu eykst umtalsvert með einungis 1-2% íblöndun Biodísels en við 4% íblöndun eykst smurgetan um allt að þriðjung.

## METAN

Metan er hrein íslensk orka unnin úr lífrænum úrgangi, hauggasi, náttúrulegri lofttegund sem samanstendur að mestu leyti af metani ($CH_4$) og koldíoxiði ($CO_2$). Notkun metans sem eldsneytis er sérlega umhverfisvæn því hún viðheldur hringrás lífrænna efna. Þjónustustöð N1 á Bíldshöfða er fyrsta fjölorkustöð N1, hún er tengd beint við metanstöðina í Álfsnesi þar sem metan er unnið. Hvergi annars staðar í heiminum er þjónustustöð beintengd á þennan hátt. Brennsla metans dregur úr gróðurhúsaáhrifum, þar sem metan er tuttugu sinnum virkari gróðurhúsalofttegund en koldíoxið og ylli því mun meiri skaða ef því væri sleppt út í andrúmsloftið. Koltvísýringsútblástur frá einum bensínbíl jafngildir útblæstri frá 113 metanbílum.

## FJÖLVIRK BÆTIEFNI

„Þessi fjölvirku bætiefni skipta miklu máli í bílaeldsneyti bæði fyrir venjulega fólksbíla og stórnotendur. Efnin halda vélunum hreinum, auka aflið og lækka eldsneytiskostnaðinn því eyðslan minnkar svo um munar. Svo stuðla bætiefnin líka að minni mengun!"

Herbert Herbertsson, eldsneytisráðgjafi N1

Bætiefnunum er blandað í eldsneytið í birgðastöðvum N1 og dreift þaðan á meira en 100 sölustaði um allt land.




SÖLUSTAÐIR BIODÍSEL
- Þjónustustöð N1 - Bíldshöfða í Reykjavík
- Þjónustustöð N1 - Hringbraut í Reykjavík
- Þjónustustöð N1 - Skógarseli í Reykjavík
- Þjónustustöð N1 - Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði
- Þjónustustöð N1 - Hörgárbraut Akureyri

SÖLUSTAÐIR METANS
- Þjónustustöð N1 - Bíldshöfða í Reykjavík
- Sjálfsafgreiðslustöð - við Tinhellu í Hafnarfirði

WWW.N1.IS

N1

Meira í leiðinni

# Daimler lækkar líklega hagnaðarspána

Hlutabréf í Daimler hafa ekki vaxið neitt frá 2006 og sitja föst í 40 evrum á meðan hlutabréf í BMW hafa hækkað um 80% og hlutabréf í Volkswagen þrefaldast.

Vegna áframhaldandi minnkunar í bílasölu í Evrópu mun eigandi Mercedes Benz, Daimler, að því er hermt er, lækka fyrri spár sínar um hagnað um leið og fyrirtækið gerir upp fyrsta ársfjórðung, þann 24. apríl. Bílaframleiðendur horfa nú enn svartsýnni til þessa árs en í lok þess síðasta, enda bílasala verið talsvert minni en spáð var. Mercedes Benz hefur dregist nokkuð á eftir helstu samkeppnisaðilunum sínum, BMW og Audi, vegna of gamalla gerða bíla sinna og lélegs árangurs í Kína. Daimler hafði áætlað álíka hagnað í ár og í fyrra, 8,1 milljarð evra. En sökum þess hve fyrsti ársfjórðungur var mikið verri en fjórði ársfjórðungur síðasta árs eru forsendur þessarar spár líklega brostnar. Ekki eru öll kurl komin til grafar hvað varðar heildarsölu í Evrópu á fyrstu þremur mánuðum ársins, en heyrst hefur að það muni slá nærri 10% minnkun frá 2012. Daimler áætlar að salan á öðrum ársfjórðungi verði meiri en á þeim fyrsta og á hinn nýi CLA-bíll að hjálpa þar mikið til, sem og uppfærð gerð E-Class bílsins.



Dieter Zetsche við hlið hins nýja CLA-Class.

### Hitnar undir forstjóranum?

Forstjóri Daimler, Dieter Zetsche, er sífellt umdeildari en frá því að hann tók við árið 2006 hafa hlutabréf í Daimler ekki vaxið neitt og sitja föst í 40 evrum á meðan hlutabréf í BMW hafa hækkað um 80% og hlutabréf í Volkswagen þrefaldast. Credit Suisse bankinn treystir ekki hagnaðarspá Zetsche og telur að skrúfa verði hana niður. Ekki ríkir þó neitt svartnætti hjá Mercedes Benz því sala fyrirtækisins í heiminum öllum á fyrsta ársfjórðungi jókst um 3,5% þótt salan hafi verið dræm í Evrópu. BMW náði sjö prósenta aukningu og Audi 6,8%. Ljósið í myrkrinu hjá Benz er að í mars jókst salan um 6,5% en BMW var með 4,4% vöxt og Audi 3,0%. Dieter Zetsche hefur sagt að Mercedes Benz muni ná toppsætinu aftur sem söluhæsta lúxusmerkið við enda þessa áratugar, en það hefur hins vegar verið mörgum aðhlátursefni.








Jepplingurinn Toyota RAV4.

# Frá Toyota vegna frétta um innkallanir

Innkallanir valda viðskiptavinum okkar óþægindum en hjá Toyota er krafan um gæði sett ofar öllu.

Í vikunni var tilkynnt um innköllun á 700 Toyota-bílum vegna hugsanlegs galla í loftpúða. Eigendur bílanna fá fljótlega bréf þar sem þeir verða boðaðir til næsta viðurkennds þjónustuverkstæðis Toyota þar sem bílarnir verða skoðaðir og gert við þá ef þarf. Skoðun og viðgerð verða eiganda bílsins að kostnaðarlausu eins og alltaf þegar bílar eru kallaðir inn. Þessi innköllun, eins og aðrar innkallanir Toyota á Íslandi, er gerð samkvæmt ósk Toyota í Evrópu (TME).

Okkur þykir leitt þegar innkallanir valda viðskiptavinum okkar óþægindum en hjá Toyota er krafan um gæði sett ofar öllu. Þess vegna er aldrei hikað við að kalla inn bíla ef minnsti grunur leikur á að þeir standist ekki þær ströngu kröfur sem Toyota og viðskiptavinir fyrirtækisins gera um gæði framleiðslunnar.

Til að varpa ljósi á umfang innkallana að undanförnu er vísað í meðfylgjandi lista sem sýnir fjölda bíla sem Toyota á Íslandi hefur kallað inn sl. fimm ár, 2008-2012. Þess ber að geta að hér á landi hafa slys ekki verið rakin til þeirra atriða sem voru ástæða innköllunar.

**Fjöldi innkallaðra Toyota-bifreiða á Íslandi frá 2008**







# Olís stígur enn eitt græna skrefið

**Olís hefur sett á markað hreint og umhverfisvænna dísileldsneyti sem nefnist VLO. Engar breytingar þarf að gera á dísilbílum, og eldsneytið kostar það sama en mengar minna. Olís undirbýr einnig byggingu metanstöðvar á höfuðborgarsvæðinu.**



VLO er hreinna og umhverfisvænna díseleldsneyti en áður hefur þekkst, að sögn Jóns Ólafs Halldórssonar, framkvæmdastjóra smásölu- og eldsneytissviðs Olís. MYND/VILHELM

Olís er fyrsta íslenska olíufyrirtækið sem blandar dísilolíu sína með VLO, eða vetnismeðhöndlaðri lífrænni olíu, sem er hreinna og umhverfisvænna dísileldsneyti en áður hefur þekkst. Með þessari nýjung stígur Olís enn eitt græna skrefið en félagið hefur um árabil unnið skipulega að umhverfis- og uppgræðslumálum. Að sögn Jóns Ólafs Halldórssonar, framkvæmdastjóra smásölu- og eldsneytissviðs Olís, er framleiðsluaðferð VLO gjörólík annarri lífdísilolíu. „VLO virkar fullkomlega eins og önnur dísilolía en mengar minna. Þessi olía hefur erlendis gengið undir nafninu HVO, eða vetnismeðhöndluð jurtaolía, en á næstu misserum mun dýrafita koma til sögunnar í auknum mæli og því kjósum við að tala um „lífræna“ olíu fremur en jurtaolíu.“

Jón segir VLO vera blandað í dísilolíu Olís sem hlutfall af seldu magni í samræmi við reglugerðir í Evrópu. „Það er ekki enn búið að setja slíka reglugerð hér á landi en við gerum ráð fyrir því að það muni gerast innan skamms. Íblöndunarhlutfall okkar skilar í heildina 5% minni koltvísýringsútblæstri dísilbifreiða.“ Það er vel hægt að nota hreina VLO á dísilvélar að sögn Jóns en með íblönduninni vill Olís stuðla að því að gera VLO samkeppnisfæra í verði á eldsneytismarkaðnum. „Íblöndunin hefur engin áhrif á verð og eykur ekki eldsneytiseyðslu viðskiptavina okkar. Hún dregur hins vegar úr koltvísýringsútblæstri og losun gróðurhúsalofttegunda.“

### Hitaþolið eldsneyti

Ekki þarf að gera breytingar á dísilbílum eða endurstilla þá til að nota VLO. „Notkun VLO skilar sama afli og þolir auk þess mjög vel mikinn kulda og hita. Vandinn við hefðbundið lífdísil er að það getur þránað við geymslu. VLO býr ekki við það vandamál og því öflugt fyrir þær aðstæður sem við búum við hér á landi. VLO hefur verið prófað við köldustu aðstæður í Finnlandi og Kanada og reynst mjög vel.“

Vetnismeðhöndlun er nýstárleg aðferð við framleiðslu á lífeldsneyti fyrir dísilvélar. Hún er afrakstur vísinda- og þróunarstarfs hjá finnska olíufyrirtækinu Neste Oil að sögn Jóns. „Eingöngu er notað endurnýjanlegt eldsneyti úr umhverfinu, til dæmis ýmsar tegundir jurtaolíu, en einnig er ýmis dýrafituúrgangur frá veitingahúsum og sláturhúsum sem annars yrði hent. Þessi aðferð hefur skilað hreinni og umhverfisvænni vöru sem er laus við þau vandamál sem fylgt hafa annarri lífdísilolíu, eins og botnfall, þránun og bakteríumyndun.“

### Metanstöð í byggingu

Olís undirbýr nú byggingu metanstöðvar á höfuðborgarsvæðinu sem gert er ráð fyrir að taki til starfa 1. júní næstkomandi. Unnið er að frágangi samnings við Sorpu sem gerir fyrirtækinu kleift að selja um 1.500 normal rúmmetra af metani á ári en metan er framleitt á sorphaugum Sorpu en þá myndast gas þegar úrgangur brotnar niður. „Þetta er enn einn liðurinn í umhverfisstefnu okkar. Framleiðsla þess var boðin út fyrir stuttu síðan og áttum við hæsta boð. Olís mun selja það samkvæmt samkomulagi frá og með miðju ári.“ Bíleigendur geta breytt bílum sínum í metanbíla hérlendis hjá Íslenska gámafélaginu og einnig er hægt að kaupa nýja bíla hjá nokkrum bílaumboðum hér á landi sem ganga fyrir metani. „Yfirleitt nota bíleigendur bæði bensín og metan á bíla sína. Notkun metans er ekki mjög útbreidd hérlendis en á vafalaust eftir að aukast. Í dag ganga ríflega 1.000 bílar hérlendis fyrir metani.“

### Þrýstingur frá neytendum

Jón segir aukinn þrýsting vera frá almenningi um umhverfisvænna eldsneyti. „Olíufyrirtæki víða um um heim finna fyrir auknum þrýstingi frá neytendum um að í boði sé eldsneyti sem dregur úr mengun koltvísýrings. VLO er vissulega liður í þeirra þróun. Einnig skiptir máli í þessu samhengi að eldsneyti sé ekki framleitt úr einhverju sem hefur áhrif á matvælaframboð í heiminum. VLO er unnið úr dýrafitu eða olíu sem er ekki notað til matarframleiðslu og það skiptir miklu máli í víðu samhengi.“

Eins og fyrr segir er sala á VLO í dísilolíu enn eitt grænt skref sem Olís stígur. Olís hefur að sögn Jóns um árabil unnið skipulega að umhverfis- og uppgræðslumálum og haft það í stefnu sinni að standa vörð um náttúru Íslands. „Umhverfisbaráttan hefur ekki eingöngu falist í styrkjum til ýmissa málefna á sviði náttúruverndar heldur einnig í daglegri starfsemi og þjónustu okkar. Með umhverfisstefnu okkar viljum við stuðla að því að hver kynslóð skili landinu og auðlindum þess í betra horfi en áður til þeirrar næstu.“

PIPAR\TBWA · SÍA · 131182

Umhverfisvænni díselolía hjá Olís

- Vetnismeðhöndlun skilar hreinni lífrænni olíu en áður hefur þekkst.
- Íblöndunarhlutfall jafngildir 5% minni koltvísýringsmengun.
- Má nota á allar díselvélar án þess að breyta þeim eða endurstilla.
- Stuðlar að hreinni og betri bruna sem skilar hreinni vél.
- Eykur ekki viðhald eða eyðslu og hefur ekki áhrif á verð.
- Skilar sama afli og venjuleg díselolía.
- Er mjög kuldaþolin og geymist vel, jafnt í hita sem kulda.

Nánari upplýsingar á olis.is



VLO Dísel olís
Vetnismeðhöndluð lífræn olía

# *Bílamarkaðurinn á Indlandi hrynur*

Gríðarhraður vöxtur bílamarkaðarins á Indlandi síðastliðin tíu ár hrundi með miklum látum síðastliðið ár. Á Indlandi gera menn upp fjárhagsárið um þessar mundir og niðurstaðan er minnkandi sala bíla, um 6,7%. Það er þvert á þær væntingar sem bílaframleiðendur höfðu um markaðinn á Indlandi. Salan í mars einum var 22,5% minni en árið áður, svo tala má um mikið hrun. Á síðustu árum hefur markaðurinn vaxið um 30% á ári og undangengin ár hafa bílaframleiðendur veðjað mjög á þennan veldisvaxandi markað og sett gríðarlegt fjármagn í uppbyggingu þar. Það sem stöðvað hefur vöxtinn svo hratt nú eru háir vextir, mikil hækkun eldsneytisverðs og slæmt efnahagsástand.

**Troðfullir sýningarsalir og lækkað verð**

Svo mikið er víst að á ELO-heiðurstónleikunum í Hörpu á laugardagskvöldið voru margir í 1.800 manna hópi sem fyllti Eldborgarsalinn alveg ófeimnir að syngja og dansa með, klappa, stappa og veifa símanum sínum í viðlaginu við Telephone Line.

Jóni Ólafssyni, upphafsmanni framtaksins og tónlistarstjóra kvöldsins, tókst ásamt teymi frábærra tónlistarmanna framar vonum að endurskapa hið óviðjafnanlega ELO-sánd á sviði. Það er ekki einfalt mál og í upphafi var ástæða til að hafa áhyggjur af að sveitin lenti í sömu vandræðum og ELO sjálf á stundum; að rafmagnshljóðfærin drekktu hinum fíngerðari tónum strengjatríósins. Það lagaðist strax eftir fyrsta lag og þótt sellóleikararnir spiluðu ekki með hljóðfærið fyrir ofan haus eins og Hugh McDowell gerði stundum skilaði strengjasveitin sínu með mikilli prýði.

Sama má segja um aðra hljóðfæraleikara. Þótt undirritaður ELO-nörd hafi saknað „réttu“ gítarfrasanna í Shine a Little Love og að Moog-bassalínan í Turn to Stone skilaði sér sem skyldi var bandið gríðarlega þétt. Enda mikið í lagt og oftast ellefu manns á sviðinu, en ELO var yfirleitt skipuð sjö manns á tónleikum.

Söngvararnir Magni Ásgeirsson, Eiríkur Hauksson, Pétur Örn Guðmundsson, Eyþór Ingi og Jóhann Helgason stóðu sig allir vel. Enginn nema Jóhann hafði samt lagt á sig að læra textana almennilega, sem kom stundum aðeins niður á túlkuninni. Bakraddir voru hins vegar með allt sitt á hreinu, eins og er algjört lykilatriði ef menn ætla að ná ELO-sándinu.

Eins og vera ber magnaðist keyrslan eftir því sem á tónleikana leið. Það er vafamál að sambræðingur Lynnes á fimmtu sinfóníu Beethovens og Roll Over Beethoven eftir Chuck Berry hafi fengið glæsilegri flutning á sviði, þar sem þessir fimm flottu söngvarar lögðu allir sitt af mörkum. Unnur Birna Bassadóttir brilleraði í flottu fiðlusólói. Í lokin var allur Eldborgarsalurinn staðinn á fætur og dansaði við Hold on Tight og Don‘t Bring Me Down.

Fyrir gamla ELO-aðdáendur sem aldrei komust á tónleika með uppáhaldshljómsveitinni sinni var þetta stórkostleg upplifun og sumir eru enn ekki lentir eftir laugardagskvöldið.

**Ólafur Þ. Stephensen**

**NIÐURSTAÐA:** Miðaldra áheyrendahópur fékk nostalgíukastið sem hann borgaði fyrir. Ótrúlega vel tókst til með vandmeðfarið sánd.





SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| OBLIVION | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| OBLIVION LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| G.I JOE RETALIATION 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| ADMISSION | KL. 8 - 10.20 | L |
| I GIVE IT A YEAR | KL. 10.30 | 12 |
| THE CROODS 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| THE CROODS 2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| SAFE HAVEN | KL. 8 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| OBLIVION | KL. 6 - 9 | 12 |
| KAPRINGEN | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 5.45 | L |
| SAFE HAVEN | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| JAGTEN (THE HUNT) | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| ADMISSION | KL. 17.30 | L |

BORGARBÍÓ — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| OBLIVION | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GI JOE | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| ADMISSION | KL. 5.45 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is — Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 — 5%




LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| OBLIVION | 5.30, 8, 10.30 | 12 |
| G.I. JOE RETALIATION 3D | 5.50, 8, 10.15 | 12 |
| I GIVE IT A YEAR | 8 | 12 |
| SNITCH | 10.10 | 12 |
| THE CROODS 3D - ÍSL TAL | 6 | L |

SAMBÍÓIN — KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM — SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR — KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG
GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| OLYMPUS HAS FALLEN FORSÝNING | KL. 8 | 16 |
| BURT WONDERSTONE | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | 12 |
| BURT WONDERSTONE VIP | KL. 5:50 - 8 | VIP |
| G.I. JOE: RETALIATION 3D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| G.I. JOE: RETALIATION 2D | KL. 5:40 | 12 |
| SIDE EFFECTS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 10:10 | 12 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL | KL. 5:20 | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| OBLIVION | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| BURT WONDERSTONE | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| G.I. JOE: RETALIATION 2D | KL. 5:40 | 12 |
| THE CROODS ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| OBLIVION | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BURT WONDERSTONE | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| G.I. JOE: RETALIATION 3D | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| SIDE EFFECTS | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 2D | KL. 5:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| OBLIVION | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| BURT WONDERSTONE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| SIDE EFFECTS | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BURT WONDERSTONE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| JACK THE GIANT-SLAYER | KL. 5:50 | 12 |
| SIDE EFFECTS | KL. 10:10 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 8 | L |




ÞRIÐJUDAGUR 16. APRÍL
18.00 Upperdog
Noregur 2009/100 mín.
20:00 Bjórkippa (PUSSIKALJAELOKUV).
Finnland 2011/80 mín.

Allar kvikmyndirnar eru sýndar með enskum texta og er frítt inn á hátíðina.
Nánari upplýsingar á norraenahusid.is

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í
Bæjarbíói
Þriðjudaga kl. 20 og laugardaga kl. 16.
www. kvikmyndasafn.is

ÍSLANDSMYND SÍS
og Stepping Stone between the Old and the New Worlds

*Íslandsmynd SÍS*, sem Vigfús Sigurgeirsson kvikmyndaði 1938-9 og Sigfús Halldórs frá Höfnum hafði hönd í bagga með, er ein af þessum ægifögru heimildarmyndum um íslenskt þjóðlíf sem urðu til á seinni hluta fjórða áratugarins. Myndin lýsir árshring mannlífsins í gamla bændasamfélaginu frá vori og fram á vetur og eru heyannirnar og myndir úr verksmiðjum fyrir landbúnaðarafurðir ómetanlegar gersemar fyrir okkur sem þjóð.
Á sama tíma gerði Vigfús *Ísland, áfangastaður á milli gamla og nýja heimsins* til að kynna Ísland á heimssýningunni í New York 1939-40. Hún er fyrsta litmyndin sem tekin er af Íslendingi á Íslandi.




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!

BÍÓ ★ PARADÍS
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 KR MIÐINN
EUROPA CINEMAS

| | | |
|---|---|---|
| ON THE ROAD | (16) | 20:00, 22:20 |
| CHASING ICE | (L) | 18:00 |
| HANNAH ARENDT | (12) | 17:50, 20:00 |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 17:50, 20:00, 22:10 |
| DÁVALDURINN | (16) | 22:10 |

**EINLEIKIN GAMANSEMI Í HÖRPU**

EFTIR KARL ÁGÚST, LADDA OG SIGGA SIGURJÓNS

# LADDI LENGIR LÍFIÐ




★★★★★

„Laddi er engum líkur …Hann er þjóðargersemi.“
Pressan.is

„Stórkostleg sýning!“
- Heimir Karlsson, Bylgjunni

„Sprenghlægileg sýning fyrir allan aldur!“
- Sirrý, Rás 2

## TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX Í DAG!

| | | | |
|---|---|---|---|
| ~~20.04.13~~ | ~~LAUGARDAGUR~~ | ~~20:00~~ | ~~UPPSELT~~ |
| ~~03.05.13~~ | ~~FÖSTUDAGUR~~ | ~~20:00~~ | ~~UPPSELT~~ |
| ~~04.05.13~~ | ~~LAUGARDAGUR~~ | ~~21:30~~ | ~~UPPSELT~~ |
| ~~08.05.13~~ | ~~MIÐVIKUDAGUR~~ | ~~20:00~~ | ~~UPPSELT~~ |
| ~~10.05.13~~ | ~~FÖSTUDAGUR~~ | ~~20:00~~ | ~~UPPSELT~~ |
| ~~11.05.13~~ | ~~LAUGARDAGUR~~ | ~~20:00~~ | ~~UPPSELT~~ |
| ~~12.05.13~~ | ~~SUNNUDAGUR~~ | ~~20:00~~ | ~~UPPSELT~~ |
| 17.05.13 | FÖSTUDAGUR | 20:00 | NÝ SÝNING |
| ~~24.05.13~~ | ~~FÖSTUDAGUR~~ | ~~20:00~~ | ~~UPPSELT~~ |
| ~~25.05.13~~ | ~~LAUGARDAGUR~~ | ~~20:00~~ | ~~UPPSELT~~ |
| 31.05.13 | FÖSTUDAGUR | 20:00 | NÝ SÝNING |
| 01.06.13 | LAUGARDAGUR | 20:00 | NÝ SÝNING |

Miðasala fer fram á Miði.is, Harpa.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.

sena

TVÖFALDUR MEISTARI 2012

ÞJÁLFARI KVENNALIÐS KEFLAVÍKUR



2005
Íslandsmeistarar



**TVÖFALDUR MEISTARI** Sverrir Þór Sverrisson með dóttur sinni Lovísu Bylgju eftir að Njarðvíkurkonur unnu bikarinn í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÞJÁLFARI KARLALIÐS GRINDAVÍKUR



2013
Í lokaúrslitum

ÞJÁLFARI KVENNALIÐS NJARÐVÍKUR



2012
Íslandsmeistarar

ÞJÁLFARI KVENNALIÐS KEFLAVÍKUR



2006
2. sæti

ÞJÁLFARI KVENNALIÐS NJARÐVÍKUR



2011
2. sæti

# Alltaf í lokaúrslitum

Sverrir Þór Sverrisson er búinn að koma liði í úrslit á fimm fyrstu tímabilum sínum sem þjálfari í meistaraflokki. Hann er þjálfari karlaliðs Grindavíkur sem komst í úrslit á fimmtudagskvöldið eftir sigur á KR-ingum.

**KÖRFUBOLTI** Sverrir Þór Sverrisson og lærisveinar hans í Grindavík hefja annað kvöld leik í úrslitaeinvíginu í Dominos-deild karla á móti Stjörnunni í Grindavík. Sverrir Þór er búinn að koma liði sínu alla leið í lokaúrslitin á sínu fyrsta ári sem þjálfari í meistaraflokki karla en hann er langt frá því að vera ókunnugur því að fara alla leið með liðið sitt.

Sverrir Þór hafði áður gert frábæra hluti með kvennalið Njarðvíkur og kvennalið Keflavíkur og státar nú af þeim frábæra árangri að fara með lið sitt alla leið í úrslit á fyrstu fimm tímabilum sínum sem þjálfari meistaraflokksliðs.

### Tvívegis meistari

Sverrir Þór hefur þegar gert tvö lið að Íslandsmeisturum, Keflavík 2005 og Njarðvík 2012 og lið hans hafa samtals unnið níu af ellefu einvígum sínum í úrslitakeppni. Keflavíkurliðið fór einnig í úrslit árið eftir (2006) og Njarðvíkurkonur voru öllum að óvörum í lokaúrslitum 2011 þrátt fyrir að enda aðeins í fimmta sæti í deildinni.

Sverrir Þór varð sjálfur þrisvar sinnum Íslandsmeistari sem leikmaður en hann var lykilmaður í meistaraliði Keflavíkur frá 2003 til 2005. Keflavík fór einnig í lokaúrslitin árið 2002 og spilaði því Sverrir Þór fjögur ár í röð um titilinn. Þetta Keflavíkurlið er jafnframt síðasta liðið sem náði því að verja Íslandsmeistaratitilinn sinn (2005) en Grindavík á því möguleika á því að vera fyrsta liðið í átta ár sem lyftir Íslandsmeistarabikarnum tvö ár í röð.

Grindvíkingar eru þegar búnir að næla sér í tvenn verðlaun á tímabilinu, því þeir urðu deildarmeistarar og urðu í öðru sæti í bikarnum eftir tap á móti Stjörnunni í bikarúrslitum.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fimm tímabil Sverris Þórs sem þjálfara í meistaraflokki en á þessum fimm tímabilum hafa lið hans spilað 35 leiki í úrslitakeppni og unnið 23 þeirra eða 65,7 prósent. Sigurhlutfall liða hans í deildarkeppninni er bara örlítið betra (77 sigrar í 110 leikjum eða 70 prósent).

### Fyrsti leikurinn mikilvægur

Mikilvægi fyrsta leiksins í úrslitaeinvíginu hefur verið mikið í þjálfaratíð Sverris en í öllum fjórum úrslitaeinvígum hans hjá konunum hefur það lið unnið Íslandsmeistaratitilinn sem landaði sigri í fyrsta leik lokaúrslitanna. Nú er að sjá hvort Sverrir Þór komist í klúbb þeirra þjálfara sem hafa unnið Íslandsmeistaratitilinn í úrslitakeppni hjá bæði körlum og konum. Meðlimirnir eru aðeins tveir í dag – Benedikt Guðmundsson og Sigurður Ingimundarson. ooj@frettabladid.is

# Alfreð ætti að vera í fimmta sæti

Alfreð Finnbogason kominn upp í 13. sæti yfir markahæstu leikmenn Evrópu

**FÓTBOLTI** Lionel Messi, Cristiano Ronaldo, Zlatan Ibrahimovic og Radamel Falcao eru fjórir af frægustu og færustu knattspyrnamönnum heims og skipa eins og er fjögur efstu sætin í baráttunni um gullskó Evróu 2012-2013.

Alfreð Finnbogason skoraði tvö mörk fyrir Heerenveen í 3-2 sigri á Willem II í hollensku úrvalsdeildinni um helgina og er þar með kominn með 23 deildarmörk í hollensku deildinni á þessu tímabili, sem er jöfnun á íslensku markameti Péturs Péturssonar frá 1979-80.

Alfreð væri hins vegar í fimmta sætinu yfir mestu markakónga Evrópu og þar með næsti maður á eftir þeim Messi, Ronaldo, Zlatan og Falcao, fengi hann að taka með þau tólf mörk sem hann skoraði fyrir Helsingborg síðasta sumar.

Mörkin sem leikmenn skoruðu sumarið 2012 teljast með í baráttunni um Gullskó UEFA 2012-13 en reglurnar segja að leikmaður geti bara spilað sumar- eða vetrartímabilið og fær Alfreð því aðeins betra tímabilið sitt metið.

Alfreð hefur skorað 35 mörk í 44 deildarleikjum á síðustu ellefu mánuðum, sem ætti að skila honum 46,5 stigum. Í bestu deildunum (England, Spánn, Þýskaland, Ítalía og Frakkland) er hvert mark tveggja stiga virði en Alfreð og aðrir í hollensku deildinni frá 1,5 stig fyrir hvert mark. Alfreð fékk eitt stig fyrir hvert mark í sænsku deildinni.

23 mörk Alfreðs í Hollandi gefa honum 34,5 stig, sem koma honum upp í 13. til 15. sæti á listanum. Alfreð hækkaði sig úr 27. sæti upp í það þrettánda um helgina og fór meðal annars upp fyrir þá Gareth Bale hjá Tottenham og Michu hjá Swansea City, sem báðir eru með 34 stig í 16. til 19. sæti.

Alfreð og félagar í Heerenveen eiga eftir fjóra leiki á tímbilinu en sá næsti verður erfiður á útivelli á móti toppliði Ajax. Alfreð fær því tækifæri til að bæta met sitt og Péturs, sem og að bæta við stigum á listanum yfir mestu markakónga Evrópu. - óój

### GULLSKÓR EVRÓPU 2012-13:

| | |
|---|---|
| 1. Lionel Messi, Barcelona | 86 stig |
| 2. Cristiano Ronaldo, Real Madrid | 60 stig |
| 3. Zlatan Ibrahimovic, PSG | 52 stig |
| 4. Radamel Falcao, Atletico Madrid | 48 stig |
| 5. Wilfried Bony, Vitesse | 45 stig |
| 13. Alfreð Finnbogason, Heerenveen | 34,5 stig |



**ALFREÐ FINNBOGASON** 35 deildarmörk á ellefu mánuðum.



Verkir í hálsi og öxlum?

Verkjastillandi og bólgueyðandi við verkjum í hálsi og öxlum!




VOL130102

Voltaren

*Fæst án lyfseðils*

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ



**ARON EINAR** Er fastamaður í liði Cardiff City. NORDICPHOTOS/GETTY

## Cardiff City á uppleið

**FÓTBOLTI** Aron Einar Gunnarsson, Heiðar Helguson og félagar í velska liðinu Cardiff geta tryggt sér sæti í ensku úrvalsdeildinni í kvöld. Liðið mætir þá Charlton í ensku B-deildinni og dugar jafntefli til að gulltryggja sæti sitt í deild þeirra bestu.

Heiðar Helguson missir þó af leiknum, þar sem hann tognaði aftan í læri í 3-0 sigri liðsins á Nottingham Forest um helgina. Heiðar skoraði eitt marka leiksins.

Cardiff hefur aldrei spilað í ensku úrvalsdeildinni og var síðast árið 1962 í efstu deild á Englandi. - esá



**REYNIR Á Í KVÖLD** Haukar hafa tapað síðustu fjórum leikjum sínum í úrslitakeppni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Enda Haukar taphrinuna?

**HANDBOLTI** Úrslitakeppni N1-deildar karla í handbolta heldur áfram í kvöld og þar eiga FH og ÍR möguleika á því að komast í 2-0 í einvígum sínum eftir að hafa fagnað bæði sigri í fyrsta leik á sunnudaginn var.

Deildarmeistarar Hauka töpuðu 23-24 á móti ÍR á heimavelli og hafa Haukarnir þar með tapað þremur leikjum í röð á móti ÍR-liðinu og jafnframt fjórum síðustu leikjum sínum í úrslitakeppni. Haukar komu inn í úrslitakeppnina í fyrra sem deildarmeistarar en töpuðu þá 0-3 á móti verðandi Íslandsmeisturum HK. Leikur ÍR og Hauka í kvöld fer fram í Austurberginu og hefst klukkan 20.00.

FH vann sannfærandi níu marka sigur á Fram í fyrsta leik, 36-27, en liðin mætast í Safamýrinni klukkan 19.30 í kvöld. FH hefur unnið síðustu þrjá leiki sína á móti Fram þar á meðal fimm marka sigur í Framheimilinu í lok nóvember.

Það lið sem fyrr vinnur þrjá leiki kemst í lokaúrslitin. - óój

## Sumarfrí eða úrslitaeinvígi

**KÖRFUBOLTI Keflavík og Valur spila í kvöld hreinan úrslitaleik um sæti í lokaúrslitum Dominos-deildar kvenna í körfubolta en bæði lið hafa unnið tvo leiki í undanúrslitaeinvígi liðanna. Oddaleikurinn fer fram á heimavelli deildarmeistara Keflavíkur í Toyota-höllinni í Keflavík en hingað til í einvíginu hafa útiliðin unnið í öllum fjórum leikjunum. Leikurinn hefst klukkan 19.15 og sigurvegari kvöldsins mætir KR í úrslitaeinvíginu um Íslandsmeistaratitilinn.** - óój

# Sá frægasti til Íslands

NBA-dómarinn Joey Crawford heiðrar kollega sína.

**KÖRFUBOLTI** Menn þurfa ekki að hafa fylgst grannt með NBA-körfuboltanum til þess að þekkja til Joey Crawford. Dómarinn litríki hefur dæmt í deild þeirra bestu í 35 ár og nálgast óðfluga þrjúþúsundasta leikinn sinn í deildinni.

Körfuknattleikssamband Íslands fagnar 50 ára afmæli sínu á árinu. Af því tilefni hefur félagið boðið Crawford til landsins og hefur sá bandaríski þekkst boðið.

Íslenskir körfuboltadómarar funda á hverju hausti og leggja línurnar fyrir komandi vetur. Crawford verður gestur á fundinum sem haldinn verður helgina 12.-14. september. Auk Crawfords munu Zsolt Hartyani hjá Evrópska körfuknattleikssambandinu og Kristinn Óskarsson alþjóðakörfuboltadómari flytja erindi.

Crawford starfaði á árum áður sem bréfberi meðfram starfi sínu sem dómari. Eftir að hann komst til hæstu metorða í starfi sínu er hann á ferðinni um öll Bandaríkin líkt og liðin sjálf. Hann verður 52 ára í ágúst og hefur dæmt 47 leiki í úrslitaeinvígjum í NBA. - ktd



**TVEIR GÓÐIR** Crawford og Kobe Bryant fara yfir málin. NORDICPHOTOS/GETTY




# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 21.25
### White Collar



Spennandi og skemmtileg þáttaröð um sjarmörinn og svikahrappinn Neal Caffrey, sem aðstoðar lögregluna við að klófesta glæpamenn. Í þættinum í kvöld kemur mafíósi frá Detroit og setur allt í uppnám á Manhattan. Peter og Neal reyna að forða blóðbaði og um leið að leggja gildru fyrir mafíósann.

## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?
### BÖRKUR GUNNARSSON, KVIKMYNDALEIKSTJÓRI

**Leiðinlegt** Ég reyni að horfa á þessa kosningaþætti. Verst hvað þetta er hrikalega leiðinlegt þegar það eru svona margir í hverjum þætti. Maður horfir bara á af skyldurækni.“



**RÚV KL. 18.25**



1 **Aldrei!!!** „Ég hef aldrei á ævinni horft á matreiðsluþátt. Ætla ekki að byrja á því núna.“

**STÖÐ 2 KL. 18.55**



2 **Kosningar 2013** Ég reyni að horfa á þessa kosningaþætti. Verst hvað þetta er hrikalega leiðinlegt þegar það eru svona margir í hverjum þætti. Maður horfir bara á af skyldurækni.“

**RÚV KL. 22.20**



3 **Forystusætið** Ég hef aldrei horft á þessa þætti, en Gummi Steingríms er skemmtilegur, svo kannski maður kíki.“.

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.**40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Norðurslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Leitin **14.00** Fréttir **14.03** Á hundavaði um Svanavatnið **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hlustarinn **15.25** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Tríó **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Hvað er málið? **21.40** Íslendingasögur **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.00 Alþingiskosningar 2013 - Forystusætið** *(Vinstrihreyfingin – grænt framboð) (e)*
**15.35 Fjölburar** *(Meet the Multiples) (e)* Bresk heimildarmynd.
**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Teitur**
**17.30 Sæfarar**
**17.41 Leonardo**
**18.09 Teiknum dýrin**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Góði kokkurinn** *(4:6) (The Good Cook) (e)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Alþingiskosningar 2013 - Málefnið: Auðlindir og umhverfismál** Fulltrúar framboða til alþingiskosninganna mætast í sjónvarpssal og ræða um auðlindir og umhverfismál.
**21.10 Skólahreysti** Grunnskólar landsins keppa sín á milli í hinum ýmsu greinum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Alþingiskosningar 2013 - Forystusætið** *(Björt framtíð)* Guðmundur Steingrímsson situr fyrir svörum um stefnumál Bjartrar framtíðar.
**22.55 Neyðarvaktin** *(14:24) (Chicago Fire)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.40 Alþingiskosningar 2013 - Málefnið: Auðlindir og umhverfismál** *(Auðlindir og umhverfismál) (e)*
**01.10 Fréttir**
**01.20 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**12.10 Bob the Butler**
**13.40 The Muppets**
**15.15 Knight and Day**
**17.05 Bob the Butler**
**18.35 The Muppets**
**20.10 Knight and Day**
**22.00 The Next Three Days**
**00.10 Season of The Witch**
**01.45 The Mist**
**03.50 The Next Three Days**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle** *(6:22)*
**08.30 Ellen** *(124:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(60:175)*
**10.15 The Wonder Years** *(22:22)*
**10.40 Gilmore Girls** *(5:22)*
**11.25 Up All Night** *(11:24)*
**11.50 The Amazing Race** *(5:12)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 America‘s Got Talent** *(17:32) (18:32)*
**15.05 Sjáðu**
**15.35 Barnatími Stöðvar 2** *(6:13)*
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(125:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.55 Kosningar 2013 - nýju framboðin**
**19.50 New Girl** *(7:24)*
**20.15 Modern Family** *(19:24)*
**20.35 How I Met Your Mother** *(18:24)*
**21.00 Two and a Half Men** *(12:23)*
**21.25 White Collar** *(4:16)* Þriðja þáttaröðin um svikahrappinn Neil Caffrey.
**22.10 Weeds** *(1:13)* Sjötta þáttaröðin um hina úrræðagóðu Nancy Boewden.
**22.45 The Daily Show: Global Editon** *(12:41)*
**23.10 Go On** *(12:22)*
**23.35 Kalli Berndsen - í nýju ljósi** *(4:8)*
**00.00 Grey‘s Anatomy** *(20:24)*
**00.45 Red Widow** *(3:8)*
**01.30 Girls** *(9:10)*
**02.00 Mad Men** *(11:13)*
**02.45 Rizzoli & Isles** *(15:15)*
**03.30 Modern Family** *(19:24)*
**03.50 How I Met Your Mother** *(18:24)*
**04.15 Two and a Half Men** *(12:23)*
**04.40 White Collar** *(4:16)*
**05.25 Up All Night** *(11:24)*
**05.50 Fréttir**

## 2 SPORT *besta sætið*

**18.00 Meistaradeild Evrópu: fréttaþáttur**
**18.30 FA bikarinn: Chelsea - Man. City**
**20.10 Ensku bikarmörkin**
**20.40 Spænski boltinn: Zaragoza - Barcelona**
**22.20 NBA: Memphis - LA Clippers**
**00.00 Spænsku mörkin**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**12.40 Stoke - Man. Utd**
**14.20 Southampton - West Ham**
**16.00 Newcastle - Sunderland**
**17.40 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**18.35 Arsenal - Everton** BEINT
**20.45 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**21.15 Sunnudagsmessan**
**22.30 Arsenal - Everton**

## 2 krakkar

**07.00 Lalli**
**07.15 Refurinn Pablo**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Svampur Sveinsson**
**08.25 Könnuðurinn Dóra**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Strumparnir**
**09.30 Histeria!**
**09.50 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.15 Ofurhundurinn Krypto**
**10.35 Ævintýri Tinna**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.05 Njósnaskólinn** *(1:13)*
**17.35 Ofurhetjusérsveitin**
**18.00 iCarly** *(31:45)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(3:22)*
**17.20 Íslenski listinn**
**17.45 Gossip Girl** *(21:24)*
**18.30 Game Tíví**
**19.00 Friends** *(23:25)*
**19.25 How I Met Your Mother** *(7:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(21:25)*
**20.10 Crusoe** *(1:13)* Ævintýralegir spennuþættir sem byggðir eru á klassískri sögu Daníels Defoe um mann að nafni Robinson Crusoe og líf hans á afskekktri eyðieyju eftir að hafa siglt þar í strand. Hann og hans heitelskuða, Friday þurfa þau að glíma við náttúruöflin, mannætur og villidýr til að komast af auk þess að reyna að halda geðheilsunni.
**20.55 FM 95BLÖ** Tækifæri á að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
**21.20 Hellcats** *(13:22)* Dramatískir gamanþættir þar sem við fáum að skyggnast inn í keppnisfullan heim klappstýra og vinskap þeirra á milli.
**22.00 Smallville** *(17:22)* Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**22.45 Game Tíví**
**23.10 Crusoe** *(1:13)*
**23.55 FM 95BLÖ**
**00.20 Hellcats** *(13:22)*
**01.00 Smallville** *(17:22)*
**01.45 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## 2 GULL

**18.20 Doctors** *(12:175)*
**19.00 Ellen** *(125:170)*
**19.40 Arnar og Ívar á ferð og flugi** *(4:5)*
**20.05 Veggfóður**
**20.50 Hotel Babylon** *(6:8)*
**21.45 Footballer‘s Wives** *(4:8)*
**22.35 Arnar og Ívar á ferð og flugi** *(4:5)*
**23.00 Veggfóður**
**23.45 Hotel Babylon** *(6:8)*
**00.40 Footballer‘s Wives** *(4:8)*
**01.30 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil**
**08.40 Pepsi MAX tónlist**
**16.25 Family Guy** *(15:16)*
**16.50 Dynasty** *(14:22)*
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 Parenthood** *(2:16)* Þetta er þriðja þáttaröðin af Parenthood en en þættirnir eru byggðir á samnefndri gamanmynd frá 1989.
**19.05 America‘s Funniest Home Videos** *(32:48)*
**19.30 Everybody Loves Raymond** *(7:25)*
**19.55 Will & Grace** *(12:24)*
**20.20 Design Star** *(3:10)* Skemmtilegir þættir þar sem hönnuðir fá erfið verkefni og sá sem færastur er stendur uppi sem sigurvegari.
**21.10 The Good Wife** *(19:22)*
**22.00 Elementary** *(15:24)* Vinsælir bandarískir þættir sem fjalla um besta einkaspæjara veraldar, sjálfan Sherlock Holmes.
**22.45 Hawaii Five-O** *(8:24)* Steve McGarrett og félagar handsama hættulega glæpamenn í skugga eldfjallanna á Hawaii í þessum vinsælu þáttum. Skjólstæðingur sálfræðings er myrtur og böndin beinast að meðferðaraðilanum.
**23.35 HA?** *(12:12)*
**00.05 CSI** *(15:22)*
**00.55 Beauty and the Beast** *(9:22)*
**01.40 Excused**
**02.05 The Good Wife** *(19:22)*
**02.55 Elementary** *(15:24)*
**03.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.40** Arnold Palmer Invitational **2012** *(4:4)* **11.30** Golfing World **12.20** World Golf Championship **2013** *(3:4)* **18.00** Golfing World **18.50** World Golf Championship **2013** *(4:4)* **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film **1972 23**.45 ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Framboðsþáttur **21.30** Framboðsþáttur

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


Icelandair American Express®
færir þér alltaf Vildarpunkta
þegar þú verslar, líka erlendis

Kynntu þér kostina á www.americanexpress.is

FÍTON / SÍA




Kortið sem kemur þér út®

AMERICAN EXPRESS

KREDITKORT er útgefandi American Express® samkvæmt leyfi frá American Express

American Express er skrásett vörumerki American Express.




Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Útbúnaður bíls getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu. Eldsneytisnotkun í langkeyrslu 4,3L/100 km, í blönduðum akstri 5,0 l/100 km og í innanbæjarakstri 6,2 l/100km.

brimborg

## BÓKIN



**„Ég er með svona tíu bækur á náttborðinu og er á leiðinni að lesa þær allar. Ein þeirra er ævisaga Steve Jobs. Svo les ég Barbapabba næstum á hverju einasta kvöldi en það er ekki fyrir mig heldur litlu dóttur mína.“**

Edda Blumenstein, framkvæmdastjóri Skemmtigarðsins og umsjónarmaður heimasíðunnar harid.is

# Stoltur faðir framúrskarandi listamanna

Jörundur Guðmundsson er faðir fatahönnuðarins Guðmundar og Þórðar, gítarleikara í Retro Stefson.

„Það eru þrjú ár á milli þeirra bræðra en þeir hafa alltaf verið rosalega nánir. Þeir hafa alltaf verið ótrúlega hugmyndaríkir og leikirnir þeirra í æsku voru hin mestu ævintýri. Ætli það hafi ekki verið þar sem sköpunargáfan kom fyrst fram,“ segir Jörundur Guðmundsson, forstöðumaður Háskólaútgáfunnar og faðir fatahönnuðarins Guðmundar Jörundssonar og tónlistarmannsins Þórðar Jörundssonar. Þeir bræður Guðmundur og Þórður eru báðir meðal vinsælustu listamanna landsins um þessar mundir, hvor í sinni greininni. Fatahönnuðurinn Guðmundur opnaði um helgina fataverslun á Laugaveginum þar sem hann selur hönnun sína undir merkinu Jör og Þórður er gítarleikari í einni vinsælustu hljómsveit landsins um þessar mundir, Retro Stefson. Þeir bræður eiga eldri systurina Auði, sem er framkvæmdastjóri i8 listagallerísins. „Auður er sjö árum eldri en Gummi og hefur haft mikil áhrif á bræður sína,“ segir Jörundur.

Spurður segir Jörundur því ekki auðsvarað hvernig ala eigi upp slíkt hæfileikafólk eins og þau systkin.

➜ ...leikirnir þeirra í æsku voru hin mestu ævintýri.

„Við móðir þeirra [Jakobína Þórðardóttir] höfum bæði mikinn áhuga á listum og hönnun og vorum hæfilega dugleg að halda því að þeim í æsku og styðja þau í því sem þau höfðu áhuga á. Það hefur örugglega haft sitt að segja en svo er þetta líka bara meðfætt held ég,“ segir hann. „Það er bara frábært að sjá þau öll skara fram úr á sínu sviði. Ég er fullur af auðmýkt og stolti í þeirra garð.“ - trs



**EKKI AUÐSVARAÐ** Jörundur segir því ekki auðsvarað hvernig ala eigi upp slíkt hæfileikafólk eins og systkinin Auði, Guðmund og Þórð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Íslendingar bætast í hóp Spotify-notenda

Tónlistarveitan Spotify hefur starfsemi sína á Íslandi í dag. Notendur síðunnar telja um 28 milljónir og fá þeir nú aukinn aðgang að íslenskri tónlist.

Ein fremsta tónlistarveita heims, Spotify, hefur starfsemi á Íslandi í dag. Tónlistarveitan býður tónlistarunnendum upp á einfalda leið til að hlusta á tónlist, án þess að greiða nokkuð fyrir.

Áður en Spotify heldur innreið sína inn á nýjan markað þurfa aðstandendur veitunnar að semja við útgáfufyrirtæki og fagaðila í viðkomandi landi og fá þannig aðgang að þeirri tónlist sem fyrirtækin gefa út. Notendur streyma svo tónlistinni beint af Spotify í stað þess að hala henni ólöglega niður, segir Andres Sehr, talsmaður Spotify.

„Til að geta hafið starfsemi í nýju landi þarf að ganga frá samningum við útgáfufélög og fagfélög vegna stefgjalda. Þetta þarf að gera í hverju landi fyrir sig og krefst mikillar vinnu. Við leggjum mikinn metnað í að stækka lagasafn okkar þannig að notendur hafi aðgang að hvers kyns tónlistarstefnum. Frá og með deginum í dag mun fólk til dæmis hafa aukinn aðgang að íslenskri tónlist,“ segir Sehr.

Daniel Ek og Martin Lorentzon, stofnendur Spotify, fengu hugmyndina að fyrirtækinu árið 2006. Þeir vildu skapa tónlistarveitu sem væri bæði hlustendum og tónlistariðnaðinum til góða. „Daniel var mjög hrifinn af vefsíðum á borð við Napster en vildi finna leið sem gæti leyst þann vanda sem fylgir ólöglegu niðurhali.“ Sjö árum síðar eru um 24 milljónir manna virkir notendur Spotify og er hægt að hlusta á yfir tuttugu milljón lög. Daglega bætast um tuttugu þúsund nýir titlar í safn tónlistarveitunnar.

Þjónusta Spotify er þegar aðgengileg tónlistarunnendum í 28 löndum víða um heim, þar á meðal í Bandaríkjunum, Bretlandi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Frakklandi og Þýskalandi. Sehr segir aðstandendum tónlistarveitunnar hafi þótt eðlilegt að Íslendingar yrðu næstir til að bætast í hinn ört stækkandi notendahóp. „Ísland er kannski ekki stór markaður en Spotify er þegar aðgengilegt í Skandinavíu og því þótti eðlilegt að koma hingað næst frekar en að leita á aðra markaði. Hér er líka sterk tónlistarsaga og mikið um efnilegt tónlistarfólk og það er ánægjulegt að geta veitt notendum okkar aðgang að íslenskri tónlist núna.“ sara@frettabladid.is



**EÐLILEG ÞRÓUN** Andres Sehr, talsmaður Spotify, segir ánægjulegt að þjónusta Spotify sé nú aðgengileg Íslendingum.

## 20 milljón lög á Spotify

- **6 milljón** manna eru með fasta áskrift að Spotify.
- **24 milljónir** manna eru virkir notendur síðunnar.
- **20 milljón** lagatitlar eru í boði á Spotify.
- Björk, Of Monsters and Men, Ólafur Arnalds og Sigur Rós eru á meðal þeirra sveita sem bætast við lagalista Spotify.









**Fegurð Austurríkis**

**8. - 20. ágúst**

**273.900 KR.-**

Mjög mikið innifalið

á mann í tvíbýli. Gist verður í **Traunkirchen, Vínarborg, Klagenfurt, Bad Gastein og München**

Um ferðina:

Í þessari 12 daga draumaferð verður farið um margar af þekktustu perlum landsins og skyggnst inn í söguna, mannlífið og náttúruna.

**Fararstjóri:** Ása María Valdimarsdóttir

LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585 4000 | URVALUTSYN.IS


# Úlfshjarta verður að kvikmynd

Stefán Máni hefur selt kvikmyndaréttinn að bókinni Úlfshjarta. Leikstjórinn Óskar Þór Axelsson mun leikstýra væntanlegri mynd og skrifa handritið.

Framleiðslufyrirtækið Filmus keypti nýverið kvikmyndaréttinn að bókinni Úlfshjarta eftir Stefán Mána. Óskar Þór Axelsson mun leikstýra myndinni og skrifa handritið að henni. Hann leikstýrði síðast myndinni Svartur á leik sem var byggð á samnefndri skáldsögu Stefáns Mána.

Stefán Máni segir mikið traust ríkja á milli sín og Óskars Þórs enda þekkist þeir orðið vel. „Hann sannaði sig algjörlega síðast og það er frábært að fá tækifæri til að vinna með honum og framleiðandanum aftur. Þetta snýst mikið um traust því héðan í frá stjórna ég engu. Ég fylgist þó með gangi mála, eins og ég gerði með Svartur á leik, og verð þriðja augað,“ segir Stefán Máni. Úlfshjarta er unglingasaga og segir frá Alexander sem er hættur í menntaskóla og vinnur við útkeyrslu. Alexander fer að finna fyrir ýmsum breytingum og í ljós kemur að hann er að breytast í varúlf. Í ljósi söguþráðar bókarinnar má ætla að kvikmyndin verði full af tæknibrellum, en Stefán Máni telur það ekki víst. „Ef ég þekki Óskar rétt þá verður það ekki aðalatriðið heldur verður áherslan á persónurnar,“ segir hann að lokum. - sm



**NÝ KVIKMYND** Kvikmyndarétturinn að bókinni Úlfshjarta eftir Stefán Mána féll í skaut framleiðslufyrirtækisins Filmus. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# HÁSKERPA

## Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI




**Tilboðsverð: 129.995**
**20 ÞÚS. KR. AFSLÁTTUR**

**Verð áður: 149.995**

UE40EH5300WXXN

**Samsung 40" LED Smart sjónvarp**
LED, FullHD, SmartTV, 100Hz CMR, 3xHDMI, USB, AllShare, DVB-T.



**Tilboðsverð: 179.995**
**40 ÞÚS. KR. AFSLÁTTUR**

**Verð áður: 219.995**

UE46ES5700SXZG

**Samsung 46" LED FullHD**
LED, FullHD, SmartTV 100Hz CMR, 3x HDMI, 2x USB, DVB-T Gervihnattamóttakari.



**Tilboðsverð: 109.995**
**30 ÞÚS. KR. AFSLÁTTUR**

**Verð áður: 139.995**

PS43E450A1WXXN

**43" Plasma Samsung HD Ready**
Plasma, 600Hz Subfield Motion, 2x HDMI, USB, ConnectShare, RealBlack skjár.




**Tilboðsverð: 69.995**
**10 ÞÚS. KR. AFSLÁTTUR**

**Verð áður: 79.995**

TV32LB2000

**Orion 32" LED FullHD**
LED, FullHD, 100Hz, 4x HDMI, USB, Super Slim, DNR, DBC, aðeins 3cm þykkt.



**Tilboðsverð: 109.995**
**20 ÞÚS. KR. AFSLÁTTUR**

**Verð áður: 129.995**

UE39EH5003WX

**Samsung 39" LED FullHD**
LED, FullHD, 2x HDMI, USB, DVBT, Scart, einfalt og flott tæki.

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 131161

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
Vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Berst fyrir samkynhneigða

Söngkonan og Íslandsvinkonan **Eivør Pálsdóttir** tekur þátt í auglýsingaherferð Samtaka hinsegin fólks í Færeyjum. Réttindastaða þess hóps er bágborin í Færeyjum og hafa samtökin því blásið til sóknar. Í auglýsingunni segir Eivør að öll eigum við skilið að búa við sömu réttindi óháð kynhneigð. „Ég fæ ekki séð hvernig ást og kærleikur milli tveggja kvenna eða tveggja karla getur skaðað nokkurn. Kærleikurinn er mikilvægastur af öllu og það er von mín að samkynhneigðir í Færeyjum fái þá virðingu sem þeim ber og sömu réttindi og við hin," segir Eivør. **- mlþ**



### Hlupu í skarðið

Eurovision-þættirnir Alla leið hófu göngu sína á RÚV síðasta föstudagskvöld, undir dyggri stjórn Felix Bergssonar og Reynis Þór Eggertssonar. Þættirnir verða sýndir öll laugardagskvöld fram að keppni, en upptökur á síðustu þáttunum fóru fram í gær. Gestalistinn í lokaþættinum breyttist þó á síðustu stundu í gær því bæði Páll Óskar Hjálmtýsson og Guðrún Gunnarsdóttir, sem áttu að vera gestir, lágu heima með 40 stiga hita. Kallað var út stórskotalið til að fylla í skarðið og komu **Sigríður Beinteinsdóttir** og Dr. Gunni í pontu. Sigga Beinteins er keppninni auðvitað vel kunnug, en hún hefur farið utan í fjórgang, þrisvar sem aðalsöngvari og einu sinni sem bakrödd. Dr. Gunni er enginn nýgræðingur þegar kemur að keppninni, þótt hann hafi vissulega aldrei tekið þátt í henni sjálfur. Hann hefur til að mynda verið álitsgjafi í Alla leið áður og þekkir hlutverkið því ágætlega. **- trs**



### Mest lesið VÍSIR

1 Jón Gerald kallaði til lögreglu þegar ASÍ kom í hús
2 Framsóknarflokkurinn áfram stærstur - Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig
3 Styttir ferðatímann um allt að helming
4 Gert að sýna brjóstahaldarastærðina í vinnunni
5 Frambjóðandi Framsóknar vildi endurupptöku kynferðisbrotamáls





